


# VERNDARBLAÐIÐ

UM AFBROT, FANGA OG FANGELSISMÁL

44. árg. 2016



**Fangadópið Suboxene**  
**Aðstandendur fanga í vanda**  
**Endurhæfing við lok afplánunar**  
**Nokkrir punktar um Hólmsheiði**  
**Félagslegur bakgrunnur fanga og samfélagsaðlögun**



## Verndarblaðið

– Um afbrot, fanga og fangelsismál

44. árg. 2016

### Útgefandi:

Félagasamtökin Vernd,  
Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
Sími: 562-3003; fax: 562-3004  
Netfang: vernd@vernd.is  
Heimasíða Verndar: <http://www.vernd.is>

### Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hreinn S. Hákonarson

### Stjórn Verndar:

Elsa Dóra Grétarsdóttir, sviðsstjóri, formaður  
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, félagsráðgjafi  
Ólafur Þröstur Sveinbjörnsson, kerfisfræðingur  
Ragnheiður Elfa Arnardóttir, félagsráðgjafi  
Ægir Örn Sigurgeirsson, félagsráðgjafi  
Jóna Björg Howard  
Jónína Sólberg Þórisdóttir

### Varamenn:

Bjarki Þór Bjarkason  
Björg Lárusdóttir  
Erlingur B. Kjartansson, kerfisstjóri

### Húsnefnd áfangaheimilis Verndar

Þráinn Bj. Farestveit, framkvæmdastjóri  
Brynja Rós Bjarnadóttir, deildarstjóri  
Guðjón Sveinsson, forstöðumaður  
Ragnheiður Elfa Arnardóttir, félagsráðgjafi  
María Steinþórsdóttir, matráðskona  
Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur

### Framkvæmdastjóri:

Þráinn Bj. Farestveit

### Endurskoðendur:

Rögnvaldur Erlingur Sigmarsson, bryti  
Arthur K. Farestveit, fyrrv. forstjóri

### Umbrot, prentun og bókkband:

Leturval/Litiróf

### Auglýsingar:

Von og bjargir

### Forsíðumynd:

Horft út í frelsið – síðasta fangelsið á Íslandi þar sem rimlar eru fyrir gluggum. Klefagluggi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9, í Reykjavík, sem reist var árið 1873.

# Menningarstefna í fangelsum

Menning er af ýmsum toga og alls ekki einsleit. Þar kennir margra grasa og það sem einn sér sem illgresi og kallar jafnvel ómenningu getur annar séð sem fagra jurtt og sett á stall hámenningar. Menning er nefnilega afstætt fyrirbæri í mannlífinu. Og manneskjur hafa ríka tilhneigingu til að flokka eitt og annað til þess meðal annars að marka sjálfum sér sess í tilverunni.

Kannski er menning ekki það fyrsta sem mönnum dettur í hug þegar þeir leiða hugann að fangelsi. Í það minnsta ekki sú menning sem alla jafna telst vera göfgandi og uppbyggileg og er eftirsóknarverð í sjálfu sér. Eitthvað sem enginn vill láta fram hjá sér fara jafnvel þótt það kosti eitthvert fé og telur sálarbætandi að njóta. Ýmist einn með sjálfum sér eða með öðrum. Menning hversdagslegs fólks.

Allt atferli mannskepnunnar elur af sér menningu og mótar hana. Hvort heldur það nú er verklegt starf eða andleg iðja. Ekki skiptir máli hvort það er stöðumælavörðurinn, menntamaðurinn, fanginn eða bóndakonan sem á í hlut. Öll skilja þau eftir sig fótspor og hafa einhverja sögu að segja sem er hluti menningar. Þau spor geta verið djúp og farsæl, fyllt kærleika og elsku; grunn og hikandi, sár og meiðandi. Sum hver tekin óafvitandi. Allt fótspor fólks í undarlegum heimi.

Menning felst í samskiptum við annað fólk og tengslum við umhverfi og náttúru.

Frásögn er með elstu menningarlegu fyrirbærum mannkynsins. Að segja frá því sem á dagana hefur drifið – og það sem hæst hefur borið í lífi hvers og eins. Það er frásögn einstaklingsins, upplifun hans; sumt af því eru hreinar og beinar staðreyndir, annað staðreyndir í listrænum búningi, ofnar inn í skynjun og tilfinningar. Enn annað er uppspuni og hitt ímyndun. Allt fléttast saman í frásögn sem er hluti af sjálfi einstaklingsins. Hver manneskja ber í sér ákveðna menningu eða spor menningar af ýmsu tagi. Margir fangar segja til dæmis sögu með húðflúri sínu – örfáir hlutar hennar og oft þeir dýrmætustu eru skráðir á líkamann því fanginn vill geyma hana. Hann veit að engin yfirvöld taka líkamann af honum þó að þau geti svipt hann ýmsu öðru af gefnum tilefnum.

Stundum þarf að styðja við bakið á menningunni og sérstaklega á þeim stöðum þar sem fólk dvelst tímabundið af ýmsum ástæðum hvort heldur í fangelsi eða sjúkrahúsi. Margir listamenn hafa til dæmis gengið þar fram fyrir skjöldu og leikið og sungið fyrir fanga við ýmis tímamót. Það er ávallt þakkarefni og fangar taka slíkum menningarheimsóknum vel. Hins vegar þyrfti slík menningarstarfsemi að vera markvissari og bundin í dagskrá fangelsa. Hvað um að standa fyrir einum menningarviðburði í mánuði? Tónlist, myndlist eða ritlist. Það er til dæmis undravert að listaverk skuli ekki hanga uppi í öllum fangelsisdeildum og höggmyndir prýða fangelsisgarða. Í mörgum stofnunum ríkisins eru málverk á veggjum sem ríkið á og lánað eða leigir stofnunum til að prýða þær og vekja upp menningarlegar tilfinningar og umræður. Og ríkið á urmul af listaverkum sem geymd eru hér og þar. Það er sérstaklega ánægjulegt að listaverk skuli vera að finna í Hólmsheiðarfangelsinu en þar hafa nokkur flugmynstur fugla verið fræst í vegg. Stundum eru ágætir listmálarar í hópi fanga og þeir hafa oft lánað verk sín til að lífga upp á fangahúsin.

Menning bætir nefnilega manneskjuna, vekur með henni vellíðan og getur kallað fram allt það besta sem hver og einn geymir í sálarhirsnum sínum.

Oft er talað um að *afkimamenning* (e. subculture) fylgi fangelsunum og rauði þráðurinn í henni sé á köflum býsna andfélagslegur. Sá jarðvegur sem margir fangar koma upp úr er oft með öðrum hætti en hinna sem fyrir utan standa. Sameiginleg lífsreynsla þjappar í mörgum tilvikum mönnum saman eins og brokkgeng skólaganga og kynni af sérfræðingum kerfisins frá því þeir gengu inn í leikskólann og gáfu kannski síðan grunnskólanum langt nef – og margir þeirra koma úr sama borgarhverfi. Þeir kannast hver við annan áður en þeir sjást bak við lás og slá! Margvísleg menningarleg starfsemi hefur ekki staðið þeim til boða í svipuðum mæli og margra jafnaldr þeirra vegna misjafns uppeldis eða fátæktar. Öflug menningarkynning og menningarþátttaka þessa hóps innan fangelsis getur verið einn af hornsteinum menntunar þeirra og breytt ýmsu í lífi þeirra. Þess vegna þurfa fangelsi að móta sér menningarstefnu.

Hreinn S. Hákonarson



Úr heimi fræðanna:

# AÐSTANDENDUR FANGA Í VANDA

Fangelsi eru ekki einfaldar stofnanir þó svo einhverjum kunni að þykja svo við fyrstu sýn. Hús hinna dæmdu manna sem eiga ekki annað skilið en vera bak við lás og slá þar sem þeir hafa brotið lög samfélagsins og stundum með mjög svo alvarlegum afleiðingum. Þeim var nær, segja margir, og hnussa af vandlætingu.

Sjaldan er hinn dæmði einn í tilverunni. Enginn maður er eyland. Allir eiga fjölskyldu, foreldra og jafnvel systkini, maka og börn. Ættartengslin geta líka verið þó nokkur.

Fangelsisvist hefur áhrif á allt þetta fólk. Kannski mismikil, stundum mikil og stundum minni. Fer eflaust eftir því hvar í tengslaröðinni hver og einn er.

Fangelsisvist grípur nefnilega ekki bara inn í líf þess sem fundinn er sekur og síðan dæmdur heldur og líka hinna saklausu. Ættingjanna.

Þar eru foreldrar, makar og börn. Systkini. Fólk sem hefur ekkert gert af sér en er skyndilega komið á visst yfirráðasvæði fangelsiskerfisins þegar heimsækja þarf ættingja sem hlotið hefur dóm og er kominn í fangelsi.

Þetta eru aðstandendur fanga.

Hvernig birtist fangelsiskerfið þeim? Hvernig líður því fólk sem hefur gengið í gegnum þá reynslu að einhver því mjög nákominn er handtekinn, rannsakaður, réttað yfir honum og síðan dæmdur. Og að því búnu sendur í fangelsi, frelsisviptur?

Hvernig snýr þessi hlið að hinum saklausu?

Í byrjun þessa árs skilaði háskólanemi nokkur við H.Í., *Guðrún Lund* að nafni, af sér BA-ritgerð sinni í félagsfræði. Þessi ritgerð fjallar um aðstandendur fanga á Íslandi og Englandi og er unnin undir leiðsögn dr. Helga Gunnlaugssonar, prófessors.



VERNDARBLAÐIÐ fékk leyfi Guðrúnar til að kynna þessa snörpu og áhuga-verðu ritgerð fyrir lesendum blaðsins. Einkum verður hugað að þeim þætti sem snertir Ísland.

Guðrún fjallar í stuttu máli um fangelsiskerfið hér á landi og í Englandi. Óþarft er að rekja þann mun hér en í meginatriðum er fyrirkomulagið svipað. Helsti munurinn er sá að fangar í Englandi fá ekki dagsleyfi heldur geta þeir sótt um skammtímaleyfi. Enskir fangar geta einnig sótt um ferðastyrk því að fangelsi eru vítt og breitt um landið og stundum um langan veg að fara. Slíkum styrk er ekki til að dreifa hér.

## „Hinir földu þolendur...“

Guðrún talar um aðstandendur fanga sem hina *földu þolendur* og segir að þeir taki einnig út refsingu sem sé reyndar í annarri mynd en hins dæmda. Hún bendir á að þessi hópur falinna þolenda geti verið gríðarlega stór sé tekið tillit til allra þeirra er tengst geta einum fanga ættar- og fjölskylduböndum. Þessi hópur geti glímt við margs konar vandamál sem eru félags- og sálfræðilegs eðlis sem og fjárhagsleg vegna fjarveru þess sem í fangelsi er.

Niðurstöður rannsóknar höfundar er ekki hægt að heimfæra á alla aðstandendur fanga þar sem viðmælendur hans voru aðeins fjórir að tölu. Ástæða þess var sú að erfitt reyndist að komast í samband við aðstandendur fanga. Guðrún náði þó að tala við tvær enskar konur og tvær íslenskar. Enda þótt ekki sé hægt að alhæfa almennt um aðstandendur fanga út frá svo litlu úrtaki telur Guðrún að hægt sé að sjá „ákveðið mynstur sem er veruleiki þessara fjögurra maka fanga og upplifun þeirra á fangelsiskerfinu.“ (bls. 2). Heimildir hennar voru fjölbreyttar og þemu viðtalanna snérust um upplýsingar til aðstandenda vegna hinna dæmdu, heimsóknaraðstöðu, faglegan stuðning við aðstandendur fanga og skilning samfélagsins á högum þeirra. Tekið skal fram að það eru makar og börn sem eru hér í brennidepli sem aðstandendur.

## Fræðileg stoð – það sem máli skiptir

Guðrún staldrar við tvær fræðilegar kenningar í umfjöllun sinni. Annars vegar *stimplunarkenninguna* sem eins og orðið felur í sér stimplar með neikvæðum hætti ákveðin frávík í samfélagshegðun. Þessi stimplun getur haft í för með sér til dæmis höfnun og útskúfun. Það er neikvætt í augum samfélagsins að vera stimplaður sem aðstandandi fanga. Hún segir: „...almenningur gerir sér fyrirfram neikvæðar hugmyndir um aðstæður aðstandenda fanga og á til að flokka þá á neikvæðan hátt.“ (bls. 5). Hin kenningin sem hún rekur snýst um *félagslegt taumhald*. Kjarninn í henni er sá að í félagsmótun barna skipti sköpum ákveðnar stofnanir í samfélaginu og ein sú mikilvægasta sé fjölskyldan – og fjölskyldu-



tengsl. Á það hefur verið bent rækilega að þau sem hafa dauf tengsl við stofnanir samfélagsins á borð við fjölskyldu, atvinnu og skóla, séu líklegri til að lenda á afbrotabraut en hin sem búa við styrk tengsl við þessar stofnanir. Í þessu sambandi er fjölskyldan, fjölskyldutengsl, lykilatriði.

Engar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi sem snerta aðstandendur fanga og því er þessi litla rannsókn ákveðið fúmkvöðlaskref. Höfundur getur um viðamikla rannsókn ensku samtakanna *The Prison Reform Trust* frá 2015 en það eru afar virt samtök og öflug (sjá hér: <http://www.prisonreformtrust.org.uk/Portals/0/Documents/relative%20justice.pdf>). Meginniðurstaða þeirrar rannsóknar var sú að brýnt væri að styðja meira við bakið á fjölskyldum, mæta þörfum þeirra og veita upplýsingar um fangelsisferlið, virða trúnað í hvívetna og bæta vinnubrögð starfsmanna. Fram kemur að aðstandendur fanga eru sjálfir fórnarlömb í vissum skilningi og þurfa að sækja sér þá hjálp sem þeir þurfa. Og: „Það er mikilvægt að starfsfólk réttarkerfisins sýni skilning á því sem aðstandendur eru að ganga í gegnum og fyrst og fremst hlusti á þá og mæti þörfum þeirra.“ (bls. 8). Eflaust getur sumt af því síðarnefnda verið umhugsunarefni fyrir okkur hér á Fróni.

Fræðileg sjónarmið renna stöðum undir mikilvægi tengsla við fanga við maka sinn og börn. Þeir fangar sem búa við slíkar aðstæður eru ólíklegri til að brjóta aftur af sér þegar þeir hafa lokið afplánun.

En tengsl fanga við maka sinn eru ekki alltaf einföld. Álagið getur í sumum tilvikum verið gríðarlegt á maka fangans eins og við framfærslu heimilis. Þeim getur fundist erfitt að segja hinum fangelsaða maka sínum frá fjárhagsvandræðum vegna þess meðal annars að hlífa honum við óþarfa áhyggjum. Þá getur hin félagslega stimplun sem áður var minnst á einangrað þá fjölskyldu sem á annað foreldrið í fangelsi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að samfélagið sýni ekki aðstandendum fanga samkennd og stuðning. Þessar fjölskyldur búa líka við mikla streitu og tilfinningalegt uppnám burtséð frá lengd afplánunar ástvarinarins (sjá bls. 16).

## Gleymdu fórnarlömbin

Í lýðræðisríkjum Vesturlanda hefur verið reynt að tryggja hag barna með sem tryggustum hætti. Lög og reglur, siðferði og framkoma, eiga að slá skjaldborg um börnin. En fullorðnir einstaklingar geta misnotað sjálfræði sitt með herfilegum hætti og valdið öðrum miska og ama með glæpsamlegu atferli. Það er staðreynd sem margir horfast í augu við. Foreldrar sem börn eiga rétt á geta fyrirgert frelsi sínu og valdið því að umgengni við börnin skerðist. Börn verða fórnarlömb afbrota foreldranna. Afleiðingar þess geta verið alvarlegar.

Höfundur umræddrar ritgerðar, Guðrún Lund, vísar í nokkrar rannsóknir sem greina frá afleiðingum þess á líf barna þegar foreldri fer í fangelsi. Hegðun barna breytist við slíka reynslu. Nám reynist þeim erfiðara, kvíði nær tökum á þeim, áhugaleysi leggst yfir þau og þau verða döpur í bragði. Í sumum tilvikum þurfa þau að skrökva að öðrum um það hvar foreldri þeirra er niðurkomið. Þau upplifa félagslega útskúfun og eru óttaslegin. Í einni rannsókn kom í ljós að drengir sem áttu foreldri í fangelsi væru líklegri en aðrir drengir sem byggju við sömu aðstæður að glíma við geðræn vandræði og félagslega erfiðleika. Þeir gætu þar af leiðandi verið líklegri til að leiðast út í afbrot síðar á lífsleiðinni og sýnt af sér andfélagslega hegðun. Verið illa við yfirvöld og vantreyst þeim (bls. 19). Höfundur bendir á að rannsóknir hafi ekki verið gerðar á börnum íslenskra fanga en rannsóknir í útlöndum geti gefið vísbendingar um ástand mál hér á landi.

## Hvað sögðu aðstandendurnir?

Það er þungbært áfalla þegar maki einhvers er handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þegar rannsókn lýkur er mál eftir atvikum sent til ríkissaksóknara sem ákveður með málsókn og ef af henni verður blasa réttarvöld við og síðan oftast dómur. Þetta er tímabil óvissu og margrar spurningar vakna upp hjá aðstandendum.

Einn viðmælenda höfundar, maki fanga, komst svo að orði:

„...Allt í einu var maður bara stadd-

ur á eigin fótum...ég sá þetta ekki fyrir mér svona...svo nei mér var ekki tilkynnt neitt um hvernig ég átti að heimsækja hann eða hvað væri að fara að gerast næst...þetta er algjör martröð fyrstu vikurnar...en núna er maður kominn upp á lag með þetta.“ (bls. 27).

Rauði þráðurinn hjá viðmælendum var sá að upplýsingar skorti og aðgengi að þeim sem fyrir hendi væru mætti vera betra.

## „Fangelsi er drungalegur staður...“

Heimsóknir aðstandenda í fangelsi reynast mörgum erfiðar og sporin þar inn fyrir dyr eru oft þung. Viðmælendur höfundar voru á einu máli um að „and-rúmsloftið mætti vera vinalegra og bæta mætti skilning starfsfólks á því hvað aðstandendur væru að fara í gegnum.“ (bls. 27). Fólk sem kemur í heimsókn er öryggislaust og smeykt við þessar nýju aðstæður sem fangelsið er. Það veit ekki alltaf á hverju það á von. Í sumum tilvikum þurfa þeir að fara um langan veg til að heimsækja aðstandendur til dæmis frá Reykjavík til Akureyrar svo dæmi sé tekið. Frá Reykjavík austur á Litla-Hraun eru um 126 km fram og aftur. Einn viðmælendi Guðrúnar tók svo til orða:

„...Mér finnst að heimsóknirnar mættu vera lengri og frekar færri skipti í viku, því það er hundleiðinlegt að keyra kannski með börnin alla leiðina og fá bara tvo tíma með [...] og sitja síðan á leiðinni til baka með erfið börn í bílnum... það er alveg fáránlegt...frekar en að taka til dæmis einu sinni í viku og fleiri klukkutíma.“ (bls. 28).

Heimsóknir aðstandenda til fanga eru mikilvægar og skipta miklu máli í betrunarferli hans. Stuðla að jákvæðari hugarfari og betri líðan. Ein meginniðurstaða hennar er sú að góð heimsóknaraðstaða í fangelsum sé mikilvæg undirstaða þess að fjölskyldubönd haldist sterk út afplánunartímamann. (bls. 38).

## Stuðningur og skilningur

Viðmælendur í rannsókn Guðrúnar voru sammála um að nauðsynlegt væri að efla stuðning ýmissa fagaðila við aðstandendur fanga. Í því sambandi var

nefnd ýmis konar ráðgjöf eins og fjárhagsleg og sálfræðileg. Eins og fram hefur komið reynir fangavistir maka á aðstandendur bæði andlega og félagslega og ekki allra að kljást við það hjálparlaust.

Einn viðmælendanna stóð í þessum erfiðu sporum:

„...Ég er á atvinnuleysisbótum núna það er erfitt fyrir mig á meðan hann er í fangelsi að finna mér vinnu með tvö börn skilurðu...svo eru veikindi oft að koma upp og svona...þannig ég rétt næ að skrapa þessu saman mánaðarlega...það er enginn skilningur...það er frekar þannig.“ (bls. 30).

Ög annar aðstandandi greindi frá sinni stöðu:

...Ég segi ekki fólki frá því...ég sagði að hann væri úti á sjó í Noregi...það er svo lítill skilningur í samfélaginu...maður er bara dæmdur sko...svo er ekki neinn félagslegur stuðningur í boði svo ég viti af...“ (bls. 30).

Það er ljóst af þessum orðum að nauðsynlegt er að auka skilning almennings, samfélagsins, á þeim aðstæðum sem aðstandendur fanga búa við. Viðhorf samfélagsins er að mörgu leyti neikvætt í þeirra garð og því verður að snúa við með einhverjum ráðum. Höfundur orðar þetta svo með skýrum hætti:

„Til þess að stuðla að farsælu samfélagi verður að taka betur á móti aðstandendum fanga og sýna þeim að þeir eru velkomnir til þess að taka þátt í samfélaginu þrátt fyrir brot ástvína þeirra. Við sem samfélag viljum nýta þjóðfélagsþegna sem taka þátt í starfi þess, en raunveruleikinn er sá að sumir makar fanga og viðmælendur þessarar rannsóknar eiga á hættu að einangra sig og búa við fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur á meðan makinn afplánar dóm sinn. Í ofanálag er eins og aðstandendur fanga séu líka að afplána dóm heima hjá sér með þeirri röð vandamála sem fylgir í kjölfar refsivistar maka þeirra. Lítil aðstoð er í boði handa þessum einstaklingum og virðist sem svo að hópurinn eigi eftir að halda áfram að vera falinn í samfélaginu.“ (bls. 37).

## Aðstandendur nýti sér samfélagsmiðlana

Nútímamiðillinn Facebook reyndist höfundur hjálplegur til að komast í samband við íslenska aðstandendur. Sömuleiðis er Facebook hjálparhella enskum aðstandendum fanga en þeir hafa sérstaka síðu á þeim samskiptamiðli þar sem þeir deila skoðunum sínum og líðan. Stofnun slíkrar Facebókar-síðu fyrir íslenska aðstandendur getur verið svo sannarlega umhugsunarefni og bendir Guðrún á að vert sé að skoða þann möguleika. Á sínum tíma starfaði sérstakt félag aðstandenda fanga sem hét Aðgát. Það var um skeið all virkt en

lognaðist síðan út af. Því miður. Hins vegar stofnar enginn slíkt félag nema aðstandendur sjálfir enda þótt þeir geti að sjálfsögðu fengið aðstoð þeirra sem um þessi mál fjalla. En einhvers konar síða á Facebook eða öðrum miðli, er auðvitað nútímaleg leið og gæti reynst drjúgt stuðningsnet fyrir þennan einangraða hóp. Fyrir nokkru stofnaði Guðrún Lund Facebókar-síðu (lokaðan hóp) fyrir aðstandendur fanga.

(HSH tók saman úr BA-ritgerð Guðrúnar Lund, í félagsfræði 2016: „It is like trying to get blood out of a stone“ – Aðstandendur fanga á Íslandi og Englandi.)

# Rannsóknarstofnun fangelsisfræða

Mikilvægt er að setja á laggirnar rannsóknarstofnun fangelsisfræða (*e. prison studies*). Slík stofnun gæti verið innan einhvers háskólanna og með þeim orðum er boltanum varpað yfir til þeirra. Þó nokkur áhugi er á meðal háskólakennara og stúdenta í vissum greinum eins og lögfræði og félagsfræði, á málefnum fanga og fangelsa. Fjöldi athyglisverðra ritgerða og rannsókna hefur litið dagsins ljós hjá þeim á liðnum árum og þeim alltof lítill gaumur gefinn. Þarf ekki annað en að fara inn á *skemman.is* og sjá að gróska í þessum efnum hefur verið umtalsverð. Vissulega er oft um æfingarannsóknir að ræða en engu að síður gefa þær oft mikilsverðar upplýsingar um íslenskt fangelsiskerfi sem lítið er rannsakað. Víða erlendis eru stofnanir sem sérhæfa sig í fangelsisrannsóknnum og gefa reglulega út skýrslur og bækur um efnið. Margar þeirra hafa markað tímamót í þessum fræðum og í sumum tilvikum hrist rækilega upp í þeim sem fara með stjórn fangelsismála og vakið þá af kerfissvefninum fræga. Fangelsi eru nefnilega mjög svo sérstakar stofnanir í lýðsræðislegum samfélögum nútím-

ans og ekki aðeins brýnt að fylgjast með því sem þar gerist innan dyra heldur og að rannsaka þær. Niðurstöður margra rannsókna gætu hugsanlega skilað betra fangelsiskerfi en ella og skafið helstu vankantana af því. Það er gömul saga og ný að þar sem frelsissviptir einstaklingar eru annars vegar telja margir að þeir njóti takmarkaðara mannréttinda umfram frelsisskerðinguna og það komi til dæmis fólki ekki við hvernig um mál þeirra er vélað innan fangelsismúranna. Allt sé þar eftir settum lögum og reglum. En framkvæmd laga og reglna er einmitt það sem nokkur áhöld geta orðið um og ekki sist í fangelsiskerfi þjóðanna. Auk þess er fangelsiskerfið afar dýrt fyrirbæri en beinn þjóðhagslegur og skynsamlegur ávinningur af því er mjög svo umdeilanlegur svo ekki sé meira sagt.

**VERNDARBLAÐIÐ** hvetur til þess að Rannsóknarstofnun fangelsisfræða verði komið á fót. Þar er af nógu að taka og sá háskóli sem ýtti slíkri stofnun úr vör væri bæði framsýnn og djarfur og yrði jafnvel eftirsóttari en aðrir slíkir.


Ögmundur Jónasson

# ÞAÐ Á HELST EKKI AÐ LOKA FÓLK INNI

Hvernig skyldi standa á því að fjöldi fanga á Íslandi hefur verið hlutfallslega minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum? Vangaveltur um þetta efni, ásamt margvíslegum upplýsingum, er að finna í greinargerð með lagafrumvarpi sem ég lagði fram og fékkst samþykkt á Alþingi á árinu 2011. Frumvarpið sem hér um ræðir kvað meðal annars á um að rýmka fyrir því að einstaklingar sem hlotið hefðu refsisdóma gætu fullnustað refsingu sína utan fangelsismúra í ríkari mæli en áður hafði verið.

## Rafrænt eftirlit var byltingarkennd breyting

Alþingi vildi reyndar ekki ganga eins langt og ég lagði til í frumvarpinu, og þrengdi þingið í meðförum sínum möguleika fanga til afplána allt að 12 mánaða fangelsisdóm með samfélagsþjónustu niður í 9 mánaða fangelsisdóm. Mest um vert var að Alþingi samþykkti þó rýmkun á samfélagsþjónustu úr 6 mánaða fangelsi yfir í 9 mánaða fangelsi og að föngum með 12 mánaða fangelsisdóma eða meira yrði gert kleift að ljúka afplánun heima hjá sér undir rafrænu eftirliti. Þessi breyting hafði í för með sér að fangar fara fyrr á áfangaheimili og fyrr út í samfélagið með skert ferðafrelsi en áður var þekkt. Þrátt fyrir þær takmarkanir Alþingis á samfélagsþjónustu var hér engu að síður um að ræða mikilvæga rýmkun á fullnustu utan fangelsa. Rafræna eftirlitið var mikilvægt nýmæli sem þarna kemur inn í íslenska löggjöf og að mínu mati byltingarkennd breyting. Rétt er að geta þess að Alþingi samþykkti nýverið ný lög um fullnustu refsinga og tóku þau gildi þann 23. mars sl. Í lögunum hefur



*Greinarhöfundur tekur fyrstu skóflustunguna  
að Hólmsheiðarfangelsinu 4. apríl 2013  
en þá var hann innanríkisráðherra.*

samfélagsþjónusta verið rýmkuð upp í 12 mánuði eins og ég lagði upp með á sínum tíma og rafrænt eftirlit rýmkað frekar sem bendir til þess að talið sé að rafrænt eftirlit sé að virka til góðs fyrir fanga og kerfið í heild sinni.

## Færri fangar hér en á Norðurlöndum

Og þá aftur að upphaflegu spurningunni. Ástæðan fyrir því að fangar eru hér færri en annars staðar á Norðurlöndum er m.a. beiting skilorðsbundinna dóma og þá einnig fullnusta refsinga utan fangelsa. Þegar að er gáð kemur í ljós að góður árangur hefur hlotist af fullnustu refsinga með sam-

félagsþjónustu, en um 22% óskilorðsbundinna refsisdóma eru fullnustaðir með þeim hætti hér á landi. Þá hefur dómþolum verið heimilað að afplána refsingu sína á ýmsum meðferðarstofnunum í meira mæli en í nágrennalöndum okkar. Síðast en ekki síst hefur Áfangaheimili Verndar haft mikla þýðingu. Sá tími sem fangar geta dvalið þar í lok afplánunar hefur verið lengdur verulega og er nú að hámarki eitt ár þegar um lengri refsingu er að ræða (10 ár eða lengri). Á undanförunum árum hefur úrræðum utan fangelsa, svo sem rafrænu eftirliti, hins vegar fjölgað í meira mæli á Norðurlöndunum en hér á landi, en óheppilegt væri að mínu mati



ef Ísland kæmi til með að dragast aftur úr í þeirri þróun.

## Afplánun verði uppbyggileg

Hvers vegna? Kemur þar að fyrirsögn þessarar greinar. Ég er þeirrar skoðunar að refsisdómar yfir fólki eigi almennt að byggjast á uppbyggilegum forsendum og eigi ekki undir neinum kringumstæðum að mótast af hefnigirni af neinu tagi. Siðað réttarríki byggir meðal annars á því að sækjast eftir réttlæti en ekki hefnd, svo vitnað sé í titil frægrar bókar.

Með þessa hugsun að leiðarljósi reisum við fangelsi sem bjóða upp á eins gott mannlíf og nokkur kostur er, miðað við þá núturlegu staðreynd að þar er fólki, sem svipt hefur verið frelsi sínu, haldið innilæstu.

Nýja fangelsið á Hólmsheiði á að geta orðið til fyrirmyndar hvað snertir alla aðstöðu og er það góð tilhugsun.

Nýtt fangelsi á Hólmsheiði gerði það yfirleitt kleift að loka kvennafangelsinu í Kópavogi, að ekki sé minnst á Hegningarhúsið við Skólavörðustíg í Reykjavík. Langt er síðan það hætti að standast lágmarkskröfur. Enda þótt húsið eigi sér langa og gagnmerka sögu, sé vönduð og góð bygging þá er það engu að síður fyrir löngu orðinn svartur blettur á réttarkerfi okkar.

Þótt nýtt fangelsi á Hólmsheiði komi til sögunnar verður Litla-Hraun eftir sem áður þungamiðjan í íslenska fangelsiskerfinu. Þar þarf að stórbæta alla aðstöðu. Á Litla-Hrauni hefur reyndar verið unnið mikið og merkilegt innra

uppbyggingarstarf á undanförunum árum, meðal annars með því að opna föngum leiðir til menntunar og þá eflaust í mörgum tilvikum betra lífs þegar refsingum lýkur.

## Skref stigin fram á við

Allt horfir þetta til framfara í þróun íslenska fangelsa. En það er út fyrir múrana sem ég vil ekki síst beina sjónum. Ég tel að samfélagsþjónusta og rafrænt eftirlit eigi eftir að færast verulega í aukana á komandi tíð enda segir reynslan okkur að því fylgi árangur sem áður segir. Fangelsisýfirvöld hér á landi leggja vissulega áherslu á að aukið verði við fangelsispláss í landinu, en að sama skapi telja yfirvöldin þörf á að fjölga fullnustuúrræðum utan fangelsa. Í nýlegri samnorrænni rannsókn um ítrekunartíðni afbrota kemur glögg í ljós að þessi nýju refsíúrræði skila mun betri árangri og eru einnig miklu ódýrari heldur en hefðbundin refsivist í fangelsi.

Þá er það þekkt að löng afplánun í fangelsi getur haft í för með sér ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir fanga, svo sem þunglyndi og vonleysi.

## Fanginn er ekki einn

Einnig getur slík frelsisvipting haft mikil áhrif á nánustu aðstandendur fanga. Það hlýtur að eiga að felast í stefnu okkar í fangelsismálum, og þar af leiðandi að vera eitt af meginhlutverkum fangelsisýfirvalda, að sporna eftir megni gegn slíkum neikvæðum og óæskilegum afleiðingum. Í lögum um fullnustu refsinga er kveðið á um ýmis úrræði í því

skyni að lágmarka slæm heilsufarsleg og félagsleg áhrif, svo sem vinnu utan fangelsis, dagsleyfi og afplánun utan fangelsis í lok refsítímans.

Það væri í mínum huga undarlegt markmið að vilja loka sem flesta inni. Það á þvert á móti að vera markmið að loka sem fæsta inni og helst ekki nema þá sem eru sjálfum sér eða öðru fólki hættulegir.

Á þessari grundvallarreglu á að byggja.

Vissulega eru til einstaklingar sem eru ekki sjálfráðir gerða sinna. Þeir eiga, og sennilega oftast en við ætlum, fremur heima á meðferðarstofnunum af einhverju tagi en í fangelsum þar sem þeir eiga mjög takmarkaðan kost á þeirri umönnun og meðferð sem þeir þyrftu á að halda.

## Eigum mikið ólært

Ég hef grun um að raunin sé sú að við eigum eftir að læra mikið um okkur sjálf; að margt ámælisvert eða hreinlega slæmt og varasamt, jafnvel vont og glæpsamlegt í hegðun fólks megi laga með skilningi á rót þessarar hegðunar.

Refsivert athæfi er af ýmsu tagi. Við eigum að forðast alhæfingar um fólk sem dæmt er til refsingar. Margbreytileikinn er mikill í þessari sem annarri mannlegri flóru. Að sama skapi eiga úrræðin að vera margbreytileg. Það segir sig sjálft.

*Höfundur er alþingismaður og fyrrv. innanríkisráðherra.*

# FANGAR SMÍÐA FYRIR HÓLMSHEIÐI

Fangar á Litla-Hrauni hafa fengið það verkefni að smíða rúmfatakistur í klefa Hólmsheiðarfangelsisins undir stjórn Hafþórs Magnússonar, fangavarðar. Arkitektar hússins voru ánægðir með hönnunina en hliðarnar eru úr eikarlímtree og botninn úr þykkum krossvið. Undir rúmfatakistunni eru fjögur hjól svo auðvelt er að renna henni undir rúmið. Alls verða smíðaðar 56 rúmfatakistur en sá er fjöldi klefa.

Þetta er vönduð smíð og traust.

*Hafþór Gestsson, fangavörður, stendur hér við eina rúmfatakistuna.*



# ENDURHÆFING VIÐ LOK AFPLÁNUNAR

Flestir fangar öðlast frelsi sitt á ný. Þess vegna er mikilvægt að búa svo um hnútana að þeir eigi möguleika á stuðningi við að stíga fyrstu skrefin í nýjum aðstæðum, geti aðlagast samfélaginu á ný og að líkur á endurkomu í fangelsi séu minnkaðar. Margir nýta afplánunartímann til þess að byggja sig upp, andlega og líkamlega, mennta sig og undirbúa það að snúa til baka sterkari og reiðubúnir til þess að taka fullan þátt í samfélaginu. Alþekkt er þó að innkoman í samfélagið á ný getur reynst mörgum erfið.

Það er því mikilvægt að þegar fangelsisvistinni sleppir og stigið er yfir þröskuldinn, sé í boði heildstæð þjónusta og stuðningur sem stuðlað geti að farsælli endurkomu inn í samfélag þar sem gert er ráð fyrir að hver einstaklingur njóti virðingar á sínum forsendum og fái haldið mannlegri reisn.

## Aftur út í samfélagið

Ýmsir fræðimenn telja að fangelsun einstaklings með frelsisviptingu og útilokun frá samfélaginu, sé þess eðlis að eðlileg endurkoma inn í samfélagið geti aldrei gengið upp. Einstaklingurinn hafi fengið fráviksstimpil sem ekki máist af og geri honum erfitt fyrir til dæmis varðandi húsnæðis- og atvinnuleit, auk þess sem fangavistin veiki félagsleg tengsl hans og möguleika á aðlögun. Margir glími líka við heilsufarsvanda af einhverju tagi (Spohn, Holleran, 2002; Swaaning, 1997).

Fræðimenn telja einnig að margir fyrrum fangar séu nauðbeygðir til þess að afla sér tekna og viðurveris með þeim einu aðferðum sem þeim áður voru tamar: afbrotum. Þannig megi segja að jafnvel þótt fangavist breyti



Höfundur er félagsráðgjafi hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og á sæti í stjórn Verndar og húsnefnd áfangahæmilis samtakanna.

fanganum ekki til hins verra, geti hún í mörgum tilfellum haft mikil áhrif á afstöðu samfélagsins til viðkomandi, og þar með afgerandi áhrif á líf einstaklingsins í framtíðinni (Nilsson, 2003). Í mörgum tilfellum upplifa fyrrum fangar mikla erfiðleika í aðlögun að þeim breytingum á samfélaginu og umhverfinu sem orðið hafa á afplánunartíma þeirra.

Margir þeirra sem lokið hafa afplánun upplifa ótta við að snúa til baka til hins hversdagslega lífs utan fangelsisins. Þá hefst oft glíma við syndir fortíðar: skuldir hafa hugsanlega hrannast upp, meðlög og skattar auk þess sem margir eru með fíkniefnaskuldir á bakinu. Margir þessara einstaklinga mæta einnig fordómum samfélagsins, eiga til dæmis í erfiðleikum með að útvega sér atvinnu og húsnæði.

Sumir hafa, vegna aðdraganda vistarinnar, málað sig út í horn í samskiptum sínum við fjölskyldu sína, umhverfi og samfélagið, og þurfa að ná sáttum og byggja upp traust hjá fjölskyldumeðlimum og vinum:

„...samt er allt í rúst. Hvorki foreldrum mínum, tengdforeldrum, né nokkrum öðrum finnst ég eftirsóknarverður félagsskapur. Enginn treystir mér. Fjölskylda mín er mjög reið út í mig. Tengdforeldrar mínir eru reiðir út í mig.

Þess vegna segi ég: Refsingin hefst þegar þú kemur út. Þá kemur þjáningin. Hún mætir eins og rúta á staðinn og það rýkur úr öllu þegar hún ekur af stað“ (Einar Már Guðmundsson, 2007).

Það er ekki mikil von í þessum orðum Einars, aðalpersónu bókarinnar Rimlar hugans eftir Einar Má Guðmundsson. Því miður er þetta þó reynsla margra. Fyrrum fangar mæta oft vantrausti á ýmsum sviðum, rekast á vegg og þurfa að klofa yfir hindranir. Þetta er ekki sá veruleiki sem fanginn þráir meðan á afplánun stendur.

Sem betur fer er þó oftast ljós við enda ganganna fái fólk þann stuðning sem það þarfnast á þessum tímamótum.

## Leiðin til samfélagsins

Eins og víða annars staðar eru áherslur í fangelsismálum á Íslandi í stöðugri endurskoðun. Meðal annars er kapp lagt á það að finna leiðir til þess að auka líkurnar á að koma einstaklinganna inn í samfélagið á ný verði sem farsælust. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í þessum tilgangi. Flestar þeirra byggja á því að endurhæfa brotamenn, undirbúa þá fyrir það verkefni að fóta sig í samfélaginu á ný og hjálpa þeim til sjálfs- hjálpar. Oftast er um að ræða endurhæfingu meðan á fangelsisvist stendur. Á undanförunum áratugum hefur aðlögun og endurhæfing að lokinni afplánun fengið aukid vægi í umræðunni meðal þeirra fagaðila sem láta sig málefni fanga varða. Þeir þættir sem helst eru taldir hafa áhrif á aðlögun að samfélaginu á ný eru: vímuefnaneysla, atvinna, samskipti við fjölskyldu – stuðningur, vinatengsl, menntun, vilji til breytinga og aldur. Í rannsókn sinni á tengslum milli lífskjara og ítrekunartíðni



meðal fanga í Svíþjóð metur afbrotafræðingurinn Anders Nilsson mikilvægi þess að fangar eigi að lokinni afplánun greiðan aðgang að hagnýtum bjargráðum í samfélaginu, svo sem húsnæði, atvinnu, vímuefnaeðferð og menntun. Telur hann slíkt aðgengi vega þungt í viðleitni samfélagsins til að styðja fyrrum fanga til þátttöku og minnka þannig líkur á ítrekun brota og endurkomu í fangelsi (2003).

Í rannsókn sem gerð var 2012 kom fram að fyrrum fangar töldu sjálfir að stuðningur fjölskyldu, vina og meðferðaraðila og eftirfylgd vegna vímuefnaneyslu, auk atvinnumöguleika, væru mikilvægustu þættirnir í velheppnaðri endurkomu til venjubundins lífs (Bahr, Davis og Ward).

## Aðlögun og endurhæfing

Aðlögun að samfélaginu (reintegration) hefur verið skilgreind sem breytingaferlið frá lokum afplánunar til innkomu í samfélagið á ný, aðlögun að lífinu utan fangelsisins og viðleitni einstaklinga til að tileinka sér og viðhalda nýjum lífsstíl, án afbrota. Ferlið getur verið flókið og tekið langan tíma (Bahr, Davis og Ward, 2012).

Endurhæfing getur farið fram með ýmsu móti og hefur verið skilgreind af ýmsum aðilum. Samkvæmt skilgreiningu WHO er markmið endurhæfingar að gera fólki mögulegt að öðlast og viðhalda sem bestri andlegri, líkamlegri og félagslegri færni. Einnig kemur þar fram að í atvinnutengdri starfsendurhæfingu sé unnið með styrkleika einstaklingsins samhliða því að lögð er áhersla á að draga úr áhrifum hindrana sem skerða starfsgetu hans (2015).

Til endurhæfingarúrræða má telja hæfingu af ýmsu tagi, svo sem til náms og starfs, svo og ýmiss konar meðferðarúrræði sem hafa það að markmiði að bæta lífsgæði viðkomandi.

Við lok afplánunar eru þarfir fanga fyrir endurhæfingu eins misjafnar og þeir eru margir.

Í ljósi áðurgreindra rannsókna má ætla að mikilvægt sé að leggja áherslu á meðferð, eftirfylgd og stuðning fyrir vímuefnasjúka sem hafa verið án vímuefna í afplánun. Einnig að styrkja öryggis- og stuðningsnet, veita aðstoð við að

treysta fjölskyldu- og vinabönd og stuðla að því að fækka hindrunum í umhverfinu. Með þátttöku í starfstengdum endurhæfingarúrræðum eiga þátttakendur möguleika á að skapa sér vinnusögu, en einnig getur þátttakan veitt þeim tækifæri til að afla sér meðmæla sem gagnast við atvinnuumsóknir.

Hér á landi býðst möguleiki á endurhæfingu fyrir þá sem á þurfa að halda og óska eftir henni, að uppfylltum skilyrðum þjónustuveitanda.

Í öllum landshlutum og hjá flestum sveitarfélögum er boðið upp á endurhæfingarúrræði af einhverju tagi. Þjónustan er lögheimilisbundin og misjafnt getur þess vegna verið eftir búsetu hvað stendur til boða eða hver þátttökuskilyrði eru. Endurhæfingarúrræðin eru ýmist rekin af opinberum aðilum, sjálfseignastofnunum eða einkaaðilum og flest þeirra bjóða upp á einstaklingsmiðaða þjónustu.

## Grettistak – endurhæfingarúrræði á vegum Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar býður Reykvíkungum ýmis úrræði, meðal annars er boðið upp á sérhæft endurhæfingarúrræði sem kallast Grettistak. Grettistak er ætlað þeim sem glímt hafa við vímuefnasjúkdóma og langvarandi félagslegan vanda. Við úrræðið starfa tveir félagsráðgjafar og námsráðgjafi í samvinnu við fagfólk á sviði áfengis- og vímuefnaráðgjafar, aðra sérfræðinga í heilbrigðiskerfinu og fagfólk í skóla-kerfinu. Markmið endurhæfingarinnar er að auka lífsgæði þátttakenda, efla þá til sjálfshjálpar og auka möguleika þeirra á endurkomu inn á vinnumarkaðinn.

Í úrræðinu er áhersla lögð á að gefa hverri manneskju tækifæri á að rækta sinn innri mann – að laða fram sinn innri og ytri styrk og ávinna sér traust umhverfisins, á eigin forsendum. Þátttakendur í úrræðinu koma alls staðar að úr samfélaginu og eiga það eitt sameiginlegt að hafa glímt við vímuefnasjúkdóma. Styrkur hvers og eins nýtist vel í hópastarfi sem er stór þáttur endurhæfingarinnar, þar sem fólk miðlar reynslu, sækir og veitir stuðning á jafningjagrundvelli.

Í endurhæfingarferlinu er sjónum meðal annars beint að þeim þáttum sem fyrrverandi fangar töldu vega þungt í aðlögun að samfélaginu og leiðum að bættum lífsgæðum (Bahr, Davis og Ward, 2012). Þar má nefna stuðning við að ná sáttum við umhverfi sitt, hæfingu til náms og starfs og stuðning við bataferli vegna vímuefnasjúkdómsins, í samvinnu við SÁÁ sem annast m.a. vímuefnapróf.

Reynsla hefur sýnt fram á mikilvægi þess að endurhæfing sé einstaklingsmiðuð og taki tillit til margvíslegra þátta, að styrkleikar hvers og eins séu eflir og að unnið sé með heildarsýn að leiðarljósi.

Boðið er upp á undirbúning fyrir Grettistak, sem stendur í þrjá mánuði. Einnig býðst þátttakendum eftirfylgd að loknu hinu formlega endurhæfingarferli sem getur staðið í tæp tvö ár.

Við þátttöku í Grettistaki er alla jafna sótt um átján mánaða endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun.

Allir taka þátt í sameiginlegum kjarna endurhæfingarinnar, fyrirlestrum, fræðslu og hópastarfi. Sjálfstyrking er rauði þráðurinn í endurhæfingarferlinu. Í upphafi er áhersla lögð á mikilvægi þess að huga að grunnþörfum og taka lítil skref í senn til þess að vinna að því að koma á og viðhalda reglu í daglegu lífi. Huga þarf að nægum svefni, hollu mataræði og hreyfingu sem eru mikilvægur grunnur að byggja á. Í framhaldinu er svo mikilvægt að þjálf og vinna með grundvallarþætti sjálfstyrkingar, félagsfærni, lífsleikni og samskipti. Áhersla er lögð á að rjúfa félagslega einangrun og bæta félagsleg tengsl. Þátttakendur fá stuðning við að hefja og stunda reglulega líkamsrækt. Fjármálanámskeið og fjármálaráðgjöf er líka stór liður í endurhæfingunni. Áhyggjur af fjármálum og afkomu einkenna líf margra þeirra sem hefja þátttöku í úrræðinu. Reynslan hefur sýnt að slíkar áhyggjur geta haft áhrif á árangur endurhæfingarinnar.

Nám og þátttaka á atvinnumarkaði er oftast markmið þátttakenda, en leiðir að markmiðum geta verið margvíslegar. Þegar liður á endurhæfingartímabilið er hafist handa við undirbúning náms- eða starfsúmsókna og áfram unnið ein-

staklingsmiðað. Hver og einn finnur þá leið sem hann óskar að fara og fær leiðsögn og stuðning eftir þörfum.

Unnið er jafnt með andlega og líkamlega þætti hvers einstaklings. Einnhverjir hafa hugsanlega stutta skólagöngu að baki og hafa glímt við námserfiðleika og býðst þeim náms- og starfsráðgjöf. Margir þurfa á annarri sérhæfðri þjónustu að halda, til dæmis meðferð vegna kvíða, þunglyndis og áfallastreitu-röskunar og fá þeir leiðsögn og stuðning við að leita eftir þeirri þjónustu. Aðrir kjósa að styrkja sig í uppeldishlutverkinu, eru hugsanlega að taka við því hlutverki á ný eftir fjarveru úr lífi barna. Sumir sækja reiðistjórnunarnámskeið og/eða viðtöl hjá samtökum sem sérhæfa sig í meðferð fyrir þolendur kynferðisbrota, og svo mætti lengi telja. Starfsmenn úrræðisins styðja einstaklingana við að sækja viðeigandi þjónustu. Þverfagleg samvinna fagfólks fer fram á öllum

stigum endurhæfingarinnar (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2015).

Endurhæfingarferlinu má líkja við ferðalag. Hver og einn leggur af stað með sinn farangur og á sínum forsendum, setur sér langtímamarkmið, til dæmis það að hefja nám eða ljúka fyrra námi til þess að auka möguleika sína á atvinnumarkaði. Skammtímamarkmið, eða undirmarkmið geta svo falist í leiðum að helsta markmiðinu. Leiðirnar geta verið grýttar og stundum virst illfærar en þátttakendur fá stuðning, leiðsögn, verkfæri og þekkingu, og öðlast smám saman færni sem getur skilað þeim heilum á áfangastað. Þar opnast gjarnan ný tækifæri þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

### Heimildir:

Davis, Celeste; Bahr, Stephen J; Ward, Carol (2012). The process of offender reintegration: Perceptions of what helps prisoners reenter

society. *Criminology & Criminal Justice* 13(4), 1-24. Sótt í mars 2016 af <http://crj.sagepub.com/content/13/4/446-469>

Einar Már Guðmundsson, (2007). *Rimlar hugans, ástarsaga* (2.útg.) Reykjavík: Mál og menning.

Kristín Lilja Diðriksdóttir (2015). *Grettistak í Reykjavík, skýrsla um starfsemina sumarið 2015*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Nilsson, A. (2003). The Swedish Prison System in Historical Perspective: a Story of Successful Failure? *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*. 4 (1).

Nilsson A. (2003). The Swedish Prison System in Historical Perspective: a Story of Successful Failure? *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*. 40 (2), 1-20

Spohn C. og Holleran D. (2002, maí) The Effect of Imprisonment on Recidivism rates of Felony Offenders: A Focus on Drug Offenders. *Criminology – an Interdisciplinary Journal*, 329 – 354.

Swaaning, R. (1997). *Critical Criminology – Visions from Europe*. London: Sage Publications.

World Health Organization. (e.d.) *Rehabilitation*, 2015. Sótt í mars 2016 af <http://www.who.int/topics/rehabilitation/en/>

## Vegleg bókaþjóf til Hólmsheiðarfangelsisins

Lög kveða á um að fangar eigi rétt á aðgangi að bókasafni. Bókasöfn eru menntastöðvar og nauðsynlegt að allir læri að nota þau í upplýsingatæknisamfélagi nútímans. Þrátt fyrir viðtæka tölvuæðingu gegna bókasöfn enn lykilhlutverki.

Þegar Hólmsheiðarfangelsið verður tekið formlega í notkun verður búið að koma þar fyrir veglegu safni bóka sem telur rúmlega 800 bækur. Safn þetta er gjöf frá frú Láru Vigfúsdóttur, ekkju Jóhanns F. Guðmundssonar (1923–2012), flugumferðastjóra, sem boðaði föngum kristna trú um áratugaskeið ásamt konu sinni. Þau voru óþreytandi í sjálfboðþjónustu sinni og réttu mörgum fanganum hjálparhönd bæði meðan á fangavistinni stóð og eins þegar þeir luku aflánun. Samheldni og fórnfýsi einkenndi starf þeirra Jóhanns og Láru, eins og þau voru ætíð nefnd enda þótt jafnvel væri verið að tala um annað þeirra, þau voru eitt.

Bækurnar gefur frú Lára til minningar um ástkæran eiginmann sinn sem hún telur að hefði orðið mjög ánægður með hvernig hún ráðstafar bókasafni þeirra hjóna. Bækur þessar geyma þjóðlegan fróðleik, sigildan íslenskan skáldskap, ljóð og skáldsögur, og margt annað sem getur reynst föngum uppbyggilegt og menntandi. Síðar munu fangelsisfyrirvöld að sjálfsögðu auka við þetta safn eftir því sem fjárráð leyfa. – Bókasafnið skráði Kolbrún Edda Sigurhansdóttir, bókasafnsfræðingur.



Lára Vigfúsdóttir og Kolbrún Edda Sigurhansdóttir, bókasafnsfræðingur.

# NEYSLA LÆKNADÓPS Á LITLA-HRAUNI

## Læknadóp á Litla-Hrauni

Neysla læknadóps er útbreidd meðal fanga á Litla-Hrauni. Fíkniefnalaust fangelsi er eflaust aðeins fjarlægur draumur því þar sem eftirspurnin er til staðar, má alltaf búast við framboði. Því er mikilvægt að leita allra leiða til að takmarka framboðið og ekki síður að koma til móts við þá fíkla sem afplána dóma hér á landi með auknum úr-ræðum. Fangavist þjónar ekki betrunar-tilgangi sínum ef fíklar hafa óheft aðgengi að lyfjum en aðeins takmarkaða hjálp við sínum vandamálum, sem eru oftast en ekki ástæða þess að þeir sitja inni.

Læknadóp er ávanabindandi og lyf-seðilsskyld lyf sem notað er í öðrum tilgangi en ætlast var til.<sup>1</sup> Helstu lyfin sem verið er að misnota eru örvandi lyf, yfirleitt gefin til meðhöndlunar á ADHD, verkjalyf sem innihalda ópiót, róandi lyf, svefnlyf og sum flogaveikislyf. Hér á landi má rekja uppsprettu ávana-bindandi lyfja sem misnotuð eru að mestu leyti til lyfjaávisana lækna, en aðeins litlum hluta þeirra er smyglað til landsins. Þá ganga umrædd lyf að sjálf-sögðu kaupum og sölum á svörtum markaði.<sup>2</sup> Margir sem byrja ungir í neyslu fara síðar að fjármagna hana með afbrotum og enda svo í fangelsi þar sem líklegt er að neyslan haldi áfram.

## Eftirsóttustu lyfin: Suboxone og Rivotril

Í viðtali við félagsráðgjafa hjá Fangelsis-málastofnun kom fram að Suboxone og Rivotril væru þau lyfseðilsskyldu lyf sem aðallega væri verið að misnota innan veggja fangelsisins á Litla-Hrauni í dag. Suboxone er lyf sem notað er við lyfjaskiptameðferð. Það á að gera þeim

fíklum sem háðir eru ópíumefnum kleift að skipta þeim út í stað bupren-orphine, sem er virka efnið í Suboxone. Beri meðferðin tilætlaðan árangur á sjúklingurinn að geta lifað frjálsum lífi, án efna eins og morfíns og heróíns. Á Íslandi hefur meðferðin verið í boði síðan árið 1999. Læknum Litla-Hrauns er hvorki heimilt að ávísa þessu lyfi né öðrum sambærilegum lyfjum þar sem þau flokkast sem ávanabindandi lyf, en læknar Samtaka áhugasóknar um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) eru þeir einu sem hafa heimild til að ávísa lyfinu. Á Litla-Hrauni eru menn sem þurfa á þessari lyfjagjöf að halda vegna mikillar fíknar, en þó hafa fáir fangar aðgang að lyfinu vegna þess að SÁÁ gerir mjög strangar kröfur við ávísun þess.<sup>3</sup>

Í viðtölum við starfsfólk og fyrr-verandi fanga kom þó fram að Suboxone virðist vera eftirsóttasta læknadópið á Litla-Hrauni. Annað lyf sem misnotað er í miklum mæli er Rivotril. Það er skráð sem flogaveikislyf en hefur einnig verið notað í meðferð við kvíða. Lyfið er ávanabindandi og veldur mikilli vímu við inntöku of stórra skammta. Einkenni ofskömmtunar geta verið allt frá vímu og svima til erfiðleika við sam-hæfingu hreyfinga og mikils sinnuleysis. Félagsráðgjafinn lýsti áhrifum lyfsins á þá fanga sem misnota það á þann hátt að þeir verða með öllu hömlulausir og árásargjarnir. Fíklar þurfa þó margar töflur til þess að komast í þá vímu sem sóst er eftir en á móti kemur að allir læknar geta ávísað lyfinu, ólíkt Subox-one. Því er aðgengi að því greiðara fyrir þá sem vilja misnota það eða selja á svörtum markaði fangelsisins.

Þórarinn Gíslason, fangi á Kvía-bryggju og fyrrverandi fangi á Litla-

Hrauni, sagði að rekja mætti mörg dauðsföll innan fangelsisins til neyslu á Suboxone og að menn tækju oft sitt eigið líf í kjölfarið á slíkri neyslu. Að hans mati var í raun ekkert verið að gera fyrir fanga á Litla-Hrauni til að koma í veg fyrir það. „Það er miklu meiri undirbúningur fyrir lífið sjálft á Kvía-bryggju, það er enginn slíkur undirbúningur á Hrauninu því það býst enginn við því að menn þar fari aftur eðlilegir út í lífið. Á Litla-Hrauni er algert aðstöðuleysi og viljaleysi til betrunar fyrir þá menn sem eru þar. Það þarf að gerast alfarið hjá fanganum sjálfum. Enginn stuðningur frá stofnuninni.“

Fangar finna sér ávallt leiðir til að viðhalda neyslu sinni, jafnvel með lyfjum sem ekki á að vera hægt að misnota. Það gera þeir t.d. með því að finna út hversu margar töflur þarf að taka svo þær hafi vímuverkandi áhrif. Fyrrum starfsmaður Fangelsismála-stofnunar nefndi dæmi um mann sem ætlaði að taka sitt eigið líf með því að innbyrða mikið magn af lyfjum. Með þessari tilraun sinni komst hann að því að með því að blanda þessum tilteknu lyfjum saman kæmist hann í mikla vímu. Samfangar hans lærðu svo blönduna og var hún notuð áfram af þeim. Þetta er dæmi um lyf sem átti ekki að hafa vímuverkandi áhrif en fangar eiga auðvelt með að finna út hvað virkar og hvað ekki. Dæmi eru um að teknar séu 20-30 töflur í einu lagi svo að efnið hafi þau áhrif sem óskað er eftir.

Neysla fanga á lyfjum er mjög kostnaðarsöm þar sem mikið er lagt ofan á hverja töflu sem seld er innan fangelsisins. Erfitt getur reynst að fjármagna neysluna og þannig koma menn sér





Þetta er vandi.

auðveldlega í skuld. Í febrúar birti Fréttatíminn áhugavert viðtal við fangann Óðin Valgeirsson sem hefur neytt fíkniefna frá 10 ára aldri. Þar talar hann um lyfið Suboxone og segir m.a.: „... og þá þarf ég að fara að kaupa þetta dýrum dómum. Innan veggja fangelsisins er verð á 2,5 töflum af Suboxone 25.000 krónur. Allir mínir peningar fara í að útvega þetta“. Hann segir að örorkubætur sínar fari allar í að kaupa lyfin og því klárast bæturnar yfirleitt á tveimur til þremur dögum.<sup>4</sup> Samkvæmt upplýsingum rannsakenda kostar taflan af efninu 5000 krónur á götunni sem gera 12.500 krónur fyrir sama skammt og Óðinn nefnir, sem samsvarar 100% álagningu á svörtum markaði fangelsisins. Líf fanga í neyslu snýst því aðallega um að verða sér úti um þau lyf sem hann er háður, hvort sem er innan eða utan fangelsisveggjanna.

Á Litla-Hrauni eru fleiri tegundir ávanabindandi lyfseðilsskyldra lyfja sem fangar misnota. Fram kom hjá starfsmönnum Fangelsismálastofnunnar að lyfin Concerta og Lyrica væru einnig algeng. Concerta er notað við ADHD en Lyrica er flogaveikislyf. Sé Concerta tekið samkvæmt læknisráði er það forðalyf sem leysist smátt og smátt út í líkamann, en hægt er að misnota það með því að

---

### **Eftirtaldir stúdentar á meistarastigi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík rituðu grein þessa fyrir VERNÐARBLAÐIÐ:**

Anna Margrét Pétursdóttir, Fanny Ósk Mellbin, Hanna Guðmundsdóttir, Hildur Þorgeirsdóttir, Lovísa Arnardóttir og Pétur Hrafn Hafstein. Leiðbeinandi var Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við H.R.

---

mylja það niður, sprauta sig með því og komast þannig í vímu. Fíklar sækjast svo eftir slævandi verkun Lyrica en lyfið er misnotað í meira mæli nú en áður hefur þekkt.

### **Meðferðarúrræði innan Litla-Hrauns**

Meðferðarúrræðin innan fangelsisins eru virkilega takmörkuð. Á Litla-Hrauni er aðeins pláss fyrir 11 fanga á svokölluðum meðferðargangi og því komast eflaust aldrei eins margir að og vilja. Menn eru oft á bið og hvatinn til að vera edrú áður en þeir komast inn sama og enginn. Þeir halda því áfram neyslu sinni alveg þar til þeir fá pláss – sem að sama skapi gerir þeim erfiðara fyrir að fá pláss á ganginum. Á Litla-Hrauni starfa tveir meðferðarfulltrúar. Að auki eru starfandi tveir sálfræðingar og félagsráðgjafar hjá Fangelsismálastofnun. Fyrir menn með slíka sögu og djúpstæðan vanda er erfitt að sjá hvernig svo fámennt starfslið á að geta aðstoð-

að þá að eiga við rót vanda síns.

Að mati Þórarins er refsikerfið ekki rétta leiðin: „Það er ekkert hvatakerfi og í raun engin leið til betrunar, allavega á Litla-Hrauni. Innviðirnir og regluverkið eru ekki til bóta fyrir neinn, sérstaklega ekki fíkla. Ungir fíklar sem koma inn á Hraunið, fara verri út. Þeir hafa kannski ekki notað læknaðóp áður en af því að það er svo aðgengilegt, og til að díla við aðstæður, þá byrja þeir að nota það og koma út „meiri fíklar“ en þeir voru áður.“<sup>5</sup>

### **En hver er rót vandans?**

Er mögulega hægt að koma í veg fyrir að menn byrji í neyslu, brjóti í kjölfarið af sér og lendi inni í fangelsi? Samkvæmt rannsóknnum eiga tæplega 60 prósent fanga sem afplána í íslenskum fangelsum við vímuefnavanda að glíma og rúmlega 70 prósent þeirra sögu um slíkan vanda. Af þeim föngum sem annað hvort eiga við vímuefnavanda að stríða eða eiga sögu um slíkan vanda skimast

81 prósent þeirra með athyglisbrest eða ofvirkni. Þetta kemur fram í óbirtri rannsókn sem fjallað var um í svari Ólafar Nordal við fyrirspurn Páls Vals Björnssonar á sl. þingi um afplánun í fangelsi.<sup>6</sup> Samkvæmt öðrum rannsókn-um greinast allt að 30 prósent ungra fanga með ADHD. Þegar kemur að fullorðnum föngum er hlutfallið um 26 prósent, en þeir fanga sem greinast með ADHD eru yngri að meðaltali en aðrir þegar þeir hljóta sinn fyrsta dóm.<sup>7</sup>

Í viðtalsrannsókn sem Sólveig Ásta Friðriksdóttir framkvæmdi fyrir lokaritgerð sína í félagsfræði sl. vor sagði forstöðumaður fangelsisins að hegðun og neyslu fanganna megi oft rekja til aðstæðna í bakgrunni þeirra:

„... þetta eru náttúrulega menn sem eru búnir að vera á lyfjum meira og minna frá unga aldri jafnvel og síðan leiðast út í neyslu vegna þess að þeir eru útundan í skólakerfinu. Þeim er ekki sinnt“.<sup>8</sup>

Í rannsókn á íslenskum föngum kom í ljós að helmingur fanganna uppfyllti skimunarviðmið fyrir athyglisbrest og ofvirkni í æsku og rúmur helmingur af þeim hópi, eða 60 prósent, sýndi enn einkenni athyglisbrests með ofvirkni þegar þeir tóku þátt í rannsókninni. Einnig kom í ljós að marktækt fleiri fanga sem uppfylltu skimunarviðmið

fyrir athyglisbrest með ofvirkni greindust með félagskvíða, vímuefnavanda og andfélagslega persónuleikaröskun en hinir sem ekki uppfylltu skimunarviðmið.<sup>9</sup> Fólki með ADHD, ofvirkni og aðrar greiningar á oft erfitt með að lesa aðstæður, er hvatvíst og niðurstöður könnunar sem teymi rannsakenda hjá HR lögðu fyrir börn í eldri bekkjum grunnskóla á Íslandi, sýndu t.d. að einkenni ADHD gáfu skýrari vísbendingar um reykingar, áfengis- og vímuefnaneyslu barnanna en einkenni kvíða, þunglyndis eða uppreisnargirni.<sup>10</sup>

Þegar rannsóknir sýna okkur að meirihluti fanga er með einhvers konar greiningu og sú greining segir okkur að sú manneskja er líklegri til að leiðast út í neyslu og afbrot verðum við að horfa á heildarmyndina. Félagslegar aðstæður verða ekki til af sjálfu sér, þeim er viðhaldið af samfélagi sem hefur ekki úrræði eða vilja til að bregðast við þeim og því hlýtur ábyrgðin að liggja að einhverjum hluta hjá samfélaginu að koma í veg fyrir að það gerist. Líkt og til að mynda má sjá í könnunum Rannsóknna og greininga á ungmennum á Íslandi<sup>11</sup> hafa forvarnir gegn áfengis- og vímuefnaneyslu hjá ungmennum náð miklum árangri undanfarna áratugi. En þegar hópurinn er orðinn eins lítill og hann er núna þurfa forvarnir að vera

markvissari. Þær þurfa að greina sameiginlega eiginleika hópsins svo hægt sé að sníða sértækar aðgerðir og úrræði að þeim hópi sérstaklega – ekki bara að heildinni.

Það tapa allir á því að menn séu í neyslu og síðar afbrotum. Mennirnir sem stunda það og við sem horfum á þá gera það. Með virkari forvörnum, sérstækari úrræðum og betra eftirliti gætum við sem samfélag komið í veg fyrir að stórt hlutfall byrji í neyslu og sem afleiðing af því – í afbrotum og refsivist innan fangelsanna.

## Heimildir:

- 1 Magnús Jóhannsson, „Læknadóp“ (2011) 10. tbl. 97. árg. Læknablaðið <<http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1534/PDF/r01.pdf>> skoðað 8. mars 2016.
- 2 Magnús Jóhannsson, Leifur Bárðarson og Ólafur B. Einarsson, „Misnotkun ávanabindandi lyfja - lyfjafíkn“ (2013) 9. tbl. 99. árg. Læknablaðið <<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2013/09/nr/4948>> skoðað 8. mars 2016.
- 3 Valur Bjarnason, „Lyfjaskiptameðferð við ópíumfíkn, reynsla notenda“ (BA-ritgerð, Háskóli Íslands 2009) 23 <[http://skemman.is/stream/get/1946/3663/11244/1/21\\_fixed.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/3663/11244/1/21_fixed.pdf)> skoðað 9. mars 2016.
- 4 „Lífið hrundi þegar pabbi hvarf“ Fréttatíminn (19. febrúar 2016) <<http://www.frettatiminn.is/lifid-hrundi-thegar-pabbi-hvarf/>> skoðað 9. mars 2016.
- 5 Viðtal tekið af Lovísu Arnardóttur við Þórarín Gíslason, fanga á Kvíabryggju, í síma 11. mars 2016.
- 6 Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Páli Vali Björnssyni um afplánun í fangelsi. Þingskjal 1462 – 771.mál. 2014-1015. 144. Löggjafarþing. Skoðað 8.mars <<http://www.althingi.is/altext/144/s/1462.html#Footnote1>>
- 7 „30% ungra fanga með ADHD“ mbl.is (22. september 2015) <[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/09/22/30\\_prosent\\_ungra\\_fanga\\_med\\_adhd/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/09/22/30_prosent_ungra_fanga_med_adhd/)>
- 8 Sólveig Ásta Friðriksdóttir. „Við erum ekkert að fara að stoppa þetta ef við dílum ekki við þá sem eru að biðja um þetta“ Fíkniefni og meðferðarúrræði í Fangelsinu Litla-Hrauni.“ (BA ritgerð, Háskóli Íslands 2015) <[http://skemman.is/stream/get/1946/20977/48357/1/LOKARITGER%C3%90\\_PDF.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/20977/48357/1/LOKARITGER%C3%90_PDF.pdf)> Skoðað 9. Mars 2015
- 9 Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Páli Vali Björnssyni um afplánun í fangelsi. Þingskjal 1462 – 771.mál. 2014-1015. 144. Löggjafarþing. Skoðað 8.mars <<http://www.althingi.is/altext/144/s/1462.html#Footnote1>>
- 10 „30% ungra fanga með ADHD“ mbl.is (22. september 2015) <[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/09/22/30\\_prosent\\_ungra\\_fanga\\_med\\_adhd/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/09/22/30_prosent_ungra_fanga_med_adhd/)>
- 11 Sjá t.d. rannsóknirnar Ungt fólk á heimasiðu Rannsóknna & greininga [www.rannsoknir.is](http://www.rannsoknir.is)



Hér er ekkert læknadóp á ferðinni heldur úrvals bætiefni.



Hreinn S. Hákonarson:

# NOKKRIR PUNKTAR UM HÓLMSHEIÐI

Senn líður að því að Hólmsheiðarfangelsið verði tekið í notkun.

Það er að sönnu nokkur tímamót þegar fangelsi er reist enda langt síðan að byggt hefur verið nýtt fangelsi.

Í sjálfu sér er fangelsisbygging ekkert fagnaðarefni. Fangelsi eru reist utan um fólk sem hefur misst frelsi sitt. Og frelsið er eitt það dýrmætasta sem hver manneskja hefur yfir að ráða. Öllum er ljóst að fangelsi eru staðir sem flestir vilja forðast og fari svo að þeir séu settir bak við lás og slá er sú stund dýrmætust þegar út úr fangelsinu er gengið – og út í frelsið. Best væri auðvitað að engin fangelsi þyrfti að reisa.

Því manneskjan á heima í frelsinu.

## Fangelsi er ekki einfalt mál

En fangelsi eru til. Því miður. Þau eru sem sé hús byggð yfir manneskjur sem ratað hafa á ógæfubraut, brjóta lög landsins. Dæmdar til að víkja um stund af vettvangi dagsins þar sem frelsið býr og bak við luktur dyr þar sem þeirra er gætt af ókunnugum augum hvort heldur mannlegum eða rafrænum. Þau eru svipt einkarými sínu í lífinu nema fangaklefanum sem er eign hins opinbera með stöðluðum húsbúnaði. Og margs konar hindranir í samskiptum

við aðrar manneskjur verða á vegi þeirra í fangelsinu. Gestir þeirra mega í sumum tilvikum sæta líkamsleit ókunnugs fólks. Allt er framandi og nokkuð á skjön við það sem telst vera venjulegt. Fangelsi er nefnilega ein tegund af vandlætingu samfélagsins og ákveðin útskúfun. Jafnvel hefnd í augum margra – en það er orð sem má helst ekki nota. En svo er hin hliðin. Fangelsi varpar líka ljósi á réttlætiskennnd sem samfélagið vill verja því ekki má líðast að menn fari sínu fram gegn grunngildum þess og meðborgurunum sínum án þess að við sé brugðist með lögum.

## Hvaða fólk er þetta?

Fangelsin kalla einnig fram ýmsar mótsagnir. Hvað á að eyða miklum fjármunum af skattfé borgaranna til að loka fólk inni? Og hvað má fangelsi kosta mikið? Hvað má til dæmis verja miklum fjármunum til að koma upp vinnustað í fangelsi? Fangelsi vekja líka með okkur samviskubít þegar spurt er: Hvaða fólk er þetta sem er í fangelsunum? Hvaðan kemur það flest? Skyldi samfélagið sjálft hafa brugðist í einhverju gagnvart því – ekki búið því nógu góð kjör? Flestir fangar koma úr umhverfi þar sem fátækt er ekki með

öllu ókunn og hvers kyns óregla – og hamingja hversdagsins er þar iðulega víðsfjarri. Þar heyrst ekki ætíð hinn háttbundni taktur hins venjulega hversdagslífs sem menn kunna svo dæmalaust vel við og er hluti af hamingjunni. Og stór hópur þeirra glímir við fíkn sem alþjóðlegar stofnanir líta á sem sjúkdóm? Eiga sjúklingar heima í fangelsunum?

Það er að einhverju leyti innbyggt í hugmyndina um nútímafangelsi að manneskja sem þar dvelst ófrjáls komi ekki verri úr þessari vist en hún var þá gengið var inn. Þá upphéfst samtál um hvað geri eina manneskja betri en hún var áður. Og hvort einhvers konar *betrun* – sem er ákaflega hart orð undir tungu – sé yfir höfuð möguleg á þeim stað þar sem frelsi einstaklingsins hefur verið úthýst. Og hvað er annars góð manneskja? Hið einfalda svar er vitaskuld að góð manneskja fremur síður afbrot. Og skólanám, tómstund og vitræn vinna, gerir mjög líklega fólk skikk-anlegra en ella. Samskipti við fólk ættu ekki að spilla fyrir. En svo er það önnur saga og öllu alvarlegri hvert manneskjurnar fara að lokinni fangavist – halda þær aftur í far óreglu og ólífnaðar? Taka upp fyrri iðju við glæpi og ofbeldi?



Hafa þær í einhver hús að venda – fara einhverjir beint út á götuna? Og hvað með vinnu? Eða skóla? Í það minnsta koma býsna margir aftur – og aftur og margir þeirra segja: Mín beið ekki fyrir utan fangelsið. Ekkert húsnæði nema gatan.

## Góð aðstaða fyrir fanga, gesti og starfsfólk

Auðvitað er það aftur á móti fagnaðar-efni að hús yfir ógæfufólk skuli búið helstu þægindum fyrir það sem lög leyfa. Allir þekkja söguna það vel að fangelsi á fyrri tíð voru hörmungarstaðir og réttleysi fólks gat verið algert andspænis duttlungum ríkjandi valds hvort sem það birtist í mynd sjálfs ríkisins eða kóngsins – eða með orðum Jóns Hreggviðssonar í samtali við Snæfríði Íslands-sól: „Múgamaður veit aldrei hvort hann á það höfuð sem hann ber á herðunum.“ (Halldór Laxness: Íslandsklukkan, 1999, R. bls. 202). Sennilega megum við þakka fyrir það að höfuðið er nokkurs konar sameign hins opinbera og einstaklingsins sem ber það hvað sem annars kann

að líða heilastarfseminni í því. Þökk sé réttarríkinu.

Þau fangelsi sem ríkisvaldið rekur hér á landi standast í meginatriðum almennar alþjóðlegar kröfur sem til þeirra eru gerðar enda þótt sitthvað megi vita-skuld betur fara og á það er iðulega bent af ýmsum aðilum innlendum sem erlendum. Yfirvöld sinna þeim athuga-semdum oftast seint og illa. Hið gamla og lúna Hegningarhús sem nú verður lokað hefur til dæmis verið ónothæft svo áratugum skiptir til að hýsa fanga en rekið á undanþágum. Saga þess húss er merk út af fyrir sig og verður eflaust einhvern tímann skráð að fullu.

Víst er að Hólmsheiðarfangelsið verður sennilega fullkornasta fangelsi landsins með tilliti til tæknilegra þátta og eflaust hefur það tækniflug hleypt verði hússins eitthvað upp. Þess vegna er nauðsynlegt að áminna hvern og einn um að týna ekki hinum mannlega þætti niður þegar tækninni er klappað lof í lófa! Málmkennd rödd úr hljóðkerfi kemur ekki í stað samtals augliti til auglitis.

Fanga er fyrst og síðast gætt af fólki, fangavörðum, ekki tæknilegu skrímsli. Sem betur fer. Fangar hafa samskipti við fangaverði og þau verða að vera góð eins og þau jafnan eru.

Í Hólmsheiðarfangelsinu verður rými fyrir 56 fanga; gæsluvarðhaldsálma og afplánunardeild fyrir skemmri fangelsisrefsingar og vararefsingar. Konur verður hýstar í Heiðinni og mun deild þeirra verða fyrst tekin í notkun nú í sumar. Mikil umskipti verða hvað heimsóknaraðstöðu barna snertir en í fangelsinu er lítil heimsóknaríbúð þar sem fanginn getur hitt börn sín. Þessi íbúð tekur tillit til þeirra þarfa sem börn fanga hafa eins og önnur börn: að hitta foreldri sitt í barnvænu umhverfi og því ber að fagna. Reyndar var ekki ólíkt skref stigið á sínum tíma með opnun Barnakots á Litla-Hrauni.

Fangaklefar eru rúmgóðir og birtu-magn gott. Og á hverjum klefa er salerni og sturta. Fangar munu sjálfir elda mat sinn á fangadeildunum og sjá um þrif og fleira. Námsaðsta verður vitaskuld í Heiðinni og sömuleiðis vinnuaðstaða

*Hólmsheiðarfangelsið í apríl 2016. Fyrir miðju er lágur turn varðstofunnar, hins alsjáandi auga.*



enda þótt ekki hafi verið fjallað sérstaklega um þann þátt. Þá verður góð aðstaða fyrir þau sem koma að ýmsum þáttum í starfi fangelsisins.

Hver fangaálma hefur sitt útivistarsvæði. Og inni í hverri álmu eru einnig opin rými fyrir útivist sem kallast inngarðar. Þessum rýmum er haganlega fyrir komið og í sumum tilvikum renna þau saman við útgærða. Rými kvenna er stærst enda mun sú deild hýsa m.a. konur sem eru með langa dóma.

Fangar í einangrun eru á sér útivistarsvæðum. Í kringum fangelsið er þreföld öryggisgirðing.

Þá skal getið listaverkanna þar sem fuglar himinsins eru þemað ásamt gróðri jarðar – en vinningstillagan í listaverksamkeppninni hét: Arboretum: Trjásafn.<sup>1</sup> Í fangelsisgarðinum við hliðina á aðalinnngöngudyrum á að setja niður níu trjategundir. Flugmynstur ólíkra fuglategunda sem stinga fæti sínum niður í heiðina hafa nú verið fræst í steypa veggina. Sérstaklega verður fróðlegt að sjá hvernig tekst til með augað í fuglahúsinu í trjánnum sem varpar því sem þar gerist inn á skjá inni í fangelsinu, bókasafninu. Margt má lesa eflaust lesa úr því og túlka á margan hátt: fangi horfir á fugl í búri. Fuglinn er frjáls. Fanginn ekki. Hvaða gagnverkandi áhrif mun listaverkið hafa á fangann?

## Hús hafa áhrif á fólk

Góð húsakynni og sómasamleg verða til þess að fongum líður betur. Þau laða fram það jákvæða í manneskjunum og styrkja hugsunina um gagnkvæma virðingu. Hús hafa nefnilega áhrif á fólk. Þess vegna er það til sem heitir byggingalist.

Enginn situr glaður í bragði í fangelsi enda þótt húsið sé vel heppnað – eins og sagt er. Menn reyna vissulega að líta á björtu hliðarnar þótt í fangelsi séu. Fangar brosa vissulega eins og annað fólk og henda gaman að hlutunum. Stundum ræður miskunnarlaus kaldhæðnin för. Þeir hafa margir fínan húmor. En fangelsið er eins og fleki í mannlífínu – þú bíður eftir betri farkosti. Fangelsi er alla jafna hús neikvæðra tilfinninga. Það er staðreynd. Fáir munu binda einhverjar jákvæðar tilfinningar við fangelsi – það er eitthvað sem menn



*Aðstaða fanga til heilsueflingar í Hólmsheiðarfangelsi verður góð. Heilbrigð sál í hraustum líkama!*

í ákveðinni stöðu komast ekki hjá. Þannig eru fangelsi – við skulum ekki halda að þau séu heimili.

Þess vegna er þeim vandi á höndum sem teikna og hanna fangelsi í nútímanum. Þar verður fyrst og fremst að taka tilliti til þriggja þátta, fangans, starfsmanna og öryggismála. Að sumu leyti eru þessir þættir samofnir og sumu leyti andstæðir undir vissum kringumstæðum. Fangelsi er nefnilega hús andstæðna sem áður sagði. Því fleiri reglur sem ramma af frelsið og því fleiri tálmunum sem brugðið er fyrir það í krafti valds og öryggis því rammari getur orðið innri andúðin á fangahúsinu og öllu sem tilheyrir því. Kannski er það ein margra skýringa á því hvers vegna fangelsi verða fljótt mjög lúnar byggingar – skýringanna er ekki bara að leita í takmörkuðu fjármagni til viðhalds.

Fanginn á eftir að dveljast bak við luktar dyr og þykka vegg. Veggir eru hvítir og vonandi verða einhverjar fallegar myndir hengdar á þá eða máláðar. Inngarðar eru múrgráir sem þyrfti að bregða lit á, skrifa jafnvel spakmæli á veggina? Á múrveggi garðsins sem tilheyrir heimsóknaríbúðinni þurfa að koma líflegar myndir af ýmsum teiknimyndafígúrum sem börn hafa gaman af. Kannski ætti hluti veggjarins að vera kirtartafla fyrir börnin?

Í fangelsi er birtan mikilvæg og lífsnauðsynleg. Hvaðan kemur hún? Hvað fær fanginn að sjá mikið út? Hve mikið frelsi er honum gefið í útivist? Hve stórt það rými? Og hvað sér fanginn þaðan? Og hvað sér hann út um klefaglugga sinn?

Hólmsheiðarfangelsið er lágrest bygging og fellur vel að umhverfi sínu, trjám sem plöntuð voru þar á áttunda og ní-

unda áratug síðustu aldar. Það kemur reyndar á óvart hvað hún situr lágt í þessari lægð svo útsýn frá henni er ekki annað en eftstu tindar nærliggjandi fjalla. Fangelsið er reist á mel í jaðri heiðarinnar norðvestan við Hafravatnsveg.

Fangaklefnir eru með útskotum og þar er hár gluggi með opnanlegri loftrist. Birta fellur að sjálfsgöðu innum um gluggann en útskotið takmarkar útsýn fangans til annarra klefa og ekki sést yfir til útivistarsvæða. Fanginn sér út til suðvesturs.

Allt þetta og meira til hefur auðvitað áhrif á fangann. Birta, útivist, klefi og heimsóknaraðstaða og ótal margt annað sem hér er ekki nefnt. Fróðlegt verður að sjá hver reynslan af þessu fangelsi verður.

Og svo er það blessað veðrið.

Það hefur sitt að segja eins og annars staðar á landinu. Á Hólmsheiðinni eru austan og suðaustanátt algengustu vindáttirnar og sú síðarnefnda oftast hvassari. Og hitinn þar að jafnaði  $-5^{\circ}\text{C}$  til  $+1^{\circ}\text{C}$  yfir háveturinn en  $+5^{\circ}$  til  $12^{\circ}\text{C}$  yfir sumarið. En eins og annars staðar rokkar hitinn þetta upp og niður að vetri og sumri.<sup>2</sup>

## Hugmyndafræði Hólmsheiðarinnar

Nokkrar loftmyndir hafa birst af fangelsinu í Hólmsheiði. Þær sýna byggingu á einni hæð sem kúrir í heiðarjaðrinum. Fellur vel að landinu, er í dálftilli lægð. Rís ekki upp og segir hér er ég. Felur sig miklu fremur – enda hálfgerður skammakrókur! Reist í útjaðri byggðarinnar eins og jafnan var siður fyrrum að gera – gegndi líka um fangelsi, aftöku-staði og greftrunarstaði. Enda allt þetta talið óhreint á sínum tíma. En vitaskuld er ástæðan önnur nú á dögum. Menn spreða ekki dýrustu borgarfermetrunum undir fangelsi enda eru þær byggingar oftast frekar til rýmis og því best að hafa þær í útjaðri byggðar.

Þær draga fram gamla hugmyndafræði um hið alsjáandi auga valdsins. Eða eins og næmt auga kolkrabbans og álmurnar armar hans. Eflaust má grípa til ýmissa líkinga til að lýsa þessari keilu sem klædd er í ryðlitað corteson-stál eins og klefaálmurnar. En stál þetta og hin ryðgaða áferð hefur verið í tísku

meðal arkitekta. Það hefði verið meira við hæfi hins innra starfs byggingarinnar að hafa bjartsýnni og vonbetri lit heldur ryðlitinn sem er tákn eyðingar og forgengileika. Og ætli verði langt að bíða ryðtaumanna niður eftir húsinu? Vonandi hefur nútíma arkitektúr ráð við því. Aðalvarðstofa fangelsisins er í keilulaga auga sem hvílir svo að segja ofan á miðri byggingunni. Ljós fellur að sjálfsögðu þar ofan – ljós dags og rafmagns. Heyrst hefur að þetta keilulaga form skapi visst mótvægi við annars hvöss horn byggingarinnar.



Stríðsminjar í Hólmsheiði, steyptur braggabotn en mikil braggabyggð var þar í heiðinni.

Má vera enda víst að fengsjú-aðdáendur fáí nett áfall en þeir vilja eins og kunnugt er fletja út öll horn eins og Rudolf Steiner forðum daga og sjá má til að mynda austur í Sólheimum.

## Nokkrir sögupunktur

Hólmsheiðin var notuð sem beitiland fyrr á öldum fyrir jarðirnar Hólm og Reynisvatn. Þá var mikil umferð um heiðina því að um hana lá leið til ýmissa bæja eða í aðra landshluta. Í Almanadal lágu vegamót fimm leiða. Til dæmis var þar aðalleiðin sem Skálholtslestir fóru um aldir til Suðurnesja.<sup>3</sup> Á heiðinni er að finna Hofmannaföt eða flatir sem var áningarstaður ferðamanna. Fangelsið er reist á skíka úr þessari flöt.

Leiðin til Þingvalla lá á þessum slóðum en árið 1881 var lagður vegur, vagnvegur, í gömlu reiðleiðina til Þingvalla um Geitháls og að Seljadal.<sup>4</sup>

Á þriðja áratug síðustu aldar tók Reykjavíkurborg Hólmsheiði á leigu. Í Morgunblaðinu mátti lesa í auglýsingu að bæjarstjórnin hefði tekið heiðina á leigu „til skemtifærða á sumrin fyrir Reykjavíkurbúa.“ Kom og fram að ekki mættu menn rífa lyng af landinu, ekki hafa þar brennur né heldur fleygja bréfum, flöskum eða öðru rusli.<sup>5</sup> Ekki er ljóst í hve miklum mæli Reykvíkingar sóttu í skemmtiferðir um heiðina. En landið var leigt í fimm ár.

Minjar um reiðgötur er að finna á Hólmsheiði og eins merki um gamla Suðurlandsveginn.

Hernámslið Breta reisti herskála,

braggahverfi, í landi Hólms sem heiðin dregur nafn sitt af. Enn sjást einhverjir braggagrunnar. Við Geitháls var til dæmis Camp Aberdeen og við Hofmannaföt var Camp Waterloo en hluti af fangelsinu í Heiðinni liggur einmitt inn á flötina. Breski herinn rak sjúkrahús í Waterloo-kampnum. Þar var og fjarskiptalið, stórskotalið, höfuðstöðvar herfylkis og undirfylki. Alls um 778 menn.<sup>6</sup> Þessar stríðsminjar segja sína sögu og því miður hefur VERNDARBLAÐINU ekki tekist að fá mynd af Waterloo-kampnum.

Þá fengu Reykvíkingar sem stunduðu fjárbúskap að hafa fé sitt í Heiðinni um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Eða nánar tiltekið: „...ofan við gamla gosullarbraggann á Hólmsheiði, vestan við Geitháls, 100–120 hektarar.“<sup>7</sup> Síðan var fjárhaldið aflagt á þessum slóðum meðal annars vegna nábylis við vatnsból Reykvíkinga Gvendarbrunna en það þótti ekki fara saman.<sup>8</sup>

Sprengiefnageymsla Reykjavíkurborgar var lengi vel í Hólmsheiðinni.

Síðan var hafin skógrækt þar á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að margir hafa horft til Hólmsheiðar sem flugvallarstæðis í stað Vatnsmýrarinnar.

Hólmsheiðin geymir því dálitla sögu eins og aðrir staðir. Nú bætist fangelsið við þessa sögu-slóð og í fangelsi gerast margar sögur. Sögu af fólki sem þar dvelst – og sögur úr umhverfinu.

## Hvað næst?

Á góðum stundum tala menn um fjölgun opinna úrræða í fangelsismálum. Eftir að á þriðja milljarð hefur verið veitt í lokað fangelsi í Hólmsheiði hlýtur að vera komin röð að opnum úrræðum. Ekki munu þau soga til sín milljarðana. Opin úrræði þjóna stærstum hluta fangahópsins og endurspeglar jákvæða sýn til fanga og möguleika samfélagsins á því að koma þeim á rétta braut sem villst hafa af leið.

*Höfundur er fangaprestur þjóðkirkjunnar.*

## Heimildir:

- 1 Höfundar vinningstillögunnar voru: Anna Hallin og Olga S. Bergmann.
- 2 Halldór Björnsson: Veðurfar á fyrirhuguðum byggingarreit fangelsis á Hólmsheiði, greinargerð 04001, Veðurstofa Íslands, R. 2004, bls. 12.
- 3 Vilhjálmur Sigtryggsson: Tillaga að skipulagi á umferð og ræktun í Hólmsheiði, Ársrit Skógræktarfélags Íslands, R. 1986, bls. 21.
- 4 Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, R. ?, bls. 190.
- 5 Morgunblaðið –Vikublað Ísafold, 5. júlí 1927.
- 6 Anna Lís Guðmundsdóttir: Hólmsheiði – Skráning menningarminja á lóð fangelsis og aðveitu – Fornleifa-, hús- og mannvirkjaskráning, greinargerð, Reykjavík, apríl 2013, Minjasafn Reykjavíkur, bls. 5-12. Einnig Þór Whitehead: Ísland í hers höndum, R. 2002, bls. 156 og 261. Í bókinni Stríðsárin 1938-1945, eftir Pál Baldvin Baldvinsson, R. 2015, bls 612, segir: „Munnmæli herma að allur búnaður breska spítalans á Hólmsheiði við Waterloo-stöðina hafi verið keyrður í Langavatn innar á heiðinni...“
- 7 Alþýðublaðið 19. júní 1966.
- 8 Morgunblaðið 11. júlí 1968.



Úr heimi fræðanna frá Háskólanum í Reykjavík:

# FANGADÓPIÐ SUBOXONE

Lyfið Suboxone er talið undralyf á Sjúkrahúsinu Vogu í meðferð á morfinfíkn. Rétt notað getur það bjargað mannlífum en tilraunir til að koma í veg fyrir misnotkun á því hafa ekki borið árangur. Nú orðið veldur það miklum vanda inni á Litla-Hrauni.

Rúmlega 50 tilvik um misnotkun á Suboxone komu upp á Litla-Hrauni árið 2015. Þetta staðfestir Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins, og byggir á samantekt starfsmanna fangelsisins. Samantektin sýnir enn fremur að hér um bil fjórðungur agaviðurlaga sem fangar voru beittir í fyrria sé vegna óleyfilegrar neyslu á lyfinu.<sup>1</sup>

Samkvæmt Jóni Þór Kvaran, meðferðarráðgjafa á Litla-Hrauni, er Suboxone kallað „hið fullkomna fangelsisdóp“ meðal fanga. Um er að ræða tungurótatöflur sem gefnar eru sjúklíngum í því skyni að meðhöndla ópiatfíkn, það er aðallega morfín- og heróínfíkn.<sup>2</sup>

*Þessum örfáu einstaklingum, sem eru að nota Suboxone frá SÁÁ og eru virkir í viðhaldsmeðferð í fangelsinu, er auðvitað ekki refsað mælist lyfið í þvagprufu hjá þeim. Hafi því hins vegar ekki verið ávísað á þann, sem það mælist hjá, notar hann það ólöglega og fær þar af leiðandi agaviðurlög fyrir vikið.*

Agaviðurlög í fangelsi eru ýmiss konar, allt frá skriflegri áminningu til einangrunarvistar.<sup>3</sup>

## Nýir fiklar verða til

Suboxone er ætlað sjúklíngum í viðhaldsmeðferð og kemur í veg fyrir frá-hvarfseinkenni.<sup>4</sup> Meðferðin er langvar-

andi og getur í sumum tilvikum verið ævilöng. Fyrst var boðið upp á slíka viðhaldsmeðferð á Sjúkrahúsinu Vogu árið 1999 en hún er talin lokaúrræðið þegar önnur meðferðarúrræði bregðast.<sup>5</sup>

Spurður hvort maður geti orðið fikill af því að nota Suboxone segir Jón Þór:

*Það er það sem við erum að sjá. Geti menn ekki hætt að nota lyf sem þeir eru að nota, þá hljóta þeir að vera orðnir háðir því. Sýni menn frá-hvarfseinkenni þegar þeir hætta að nota það, þá hljóta menn að vera orðnir háðir því. Þannig að svarið er já, við erum að búa til nýja tegund af fíklum.*

Misnotkunin á Litla-Hrauni á ekkert skylt við viðhaldsmeðferð sem beitt er vegna ópiatfíknar. Suboxone-neyslan fer hvorki fram samkvæmt ráðgjöf eða undir eftirliti lækna né samhliða sálfræðilegri meðferð.<sup>6</sup> Skýrsla sem KRIS, samtök fyrrverandi fanga og fíkniefnaneytenda í Svíþjóð, lét vinna fyrir sig árið 2012 sýnir að ungt fólk ánetjast Suboxone og að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að lyfið berist út frá læknismeðferðum og sé misnotað. Setja þurfi á stofn sérstakar Suboxone-meðferðarstofnanir og hætta að meðhöndla Suboxone-fíkn með Suboxone-lyfjagjöf.<sup>7</sup>

## Suboxone tviéggjað sverð

Okkur var sex saman, nemendum í námskeiði lagadeildar Háskólans í Reykjavík um ofbeldis- og fíkniefnabrot, falið að fjalla um misnotkun á lyfseðils-skyldum lyfjum, svokölluðu læknadópi. Við undirbúning verkefnisins urðum við þess áskynja að Suboxone, sem Þórarinn Tyrfingsson, forstjóri Sjúkra-

hússins Vogs, segir að „svínvirki“ við fíknlækningar,<sup>8</sup> væri í raun og veru tviéggjað sverð.

Misnotkun á lyfinu hefur að sögn starfsmanna á Litla-Hrauni farið vaxandi í fangelsinu á undanförunum tveimur til þremur árum. Skráð tilvik gefa vísbendingu um umfang vandans en segja ekki alla söguna því að óþekktur fjöldi tilvika kemst aldrei upp. Auk þess sýna samtöl okkar við þá sem hafa innsýn í undirheimana og læknadópsmarkaðinn að vandamálið er líka til inni á Vogu.

Fíkniefnaneytandi, sem við hétum nafnleyn, lýsti því þannig að fiklar fari inn á Vog til að fá lyfið frítt.

*Frítt fæði og húsnaði og lyfið sjálft, segir hann. Síðan er barist um þetta inni á Vogu, verið að bítta þessu fyrir þá sem fá því ekki úthlutað og selja þetta.*

Spurður um eftirlit með lyfjatöku Suboxone inni á Vogu sagði hann:

*Ef leikur rosaegur grunur á að þú sért að klípa af lyfinu þínu og gefa öðrum, þá er kannski fylgst með því að þú takir lyfið rétt inn, annars er þér bara rétt taflan og þú setur hana undir tunguna og labbar í burtu og tekur hana síðan út úr þér.*

Að sögn viðmælanda okkar á það sama sér stað inni á geðdeild Landspítalans.

*Ég fór inn á geðdeild, ekkert eftir neina morfinneyslu, svo laug ég bara til um fráhvörf, sagðist vera með beinverki og illt og eitthvað, og fékk þetta lyf. Maður getur alveg logið til um það. Það er nóg að það mælist í þér, bara smá morfín í blóðprufu, og*

*ef þú ert góður lygari þá færðu þetta lyf.*

Á geðdeildinni var þó fylgst með þegar hann tók inn lyfið.

*Út af því að það var áberandi að fólk var byrjað að suða í mér því að það vissi að ég var að fá þetta, suða í mér um að klípa af töflum fyrir það.*

Spurður hvort hann hefði einhvern tímann fengið lyfið frá geðdeild Landspítalans með sér út af sjúkrahúsinu sagði hann:

*Ég var á þessu lyfi inni á geðdeild og fékk fjögurra eða fimm daga skammt með mér út.*

Þann skammt gat hann því auðveldlega selt.

### **Svarti markaðurinn**

Lyfið gengur kaupum og sölum á Netinu og má fyrirhafnarlítið nálgast það. Hver 8 mg tafla kostar um 4 til 5 þúsund krónur. Inni á Litla-Hrauni kostar hún helmingi meira.

Samkvæmt Jóni Þór virðist lyfið rata inn á undirheimamarkaðinn úr lækni-meðferðum.

*Þó að þetta lyf bjargi mannlífum og sé réttlæt看legt sem slíkt er líka verið að gefa það í þann hóp í samfélaginu sem hefur hvað minnst og á um sárt að binda, einstaklingum sem ekki eru á vinnumarkaðnum heldur á framfærslu hjá félagsmálastofnun eða Tryggingastofnun. Á meðan er svona mikill fjárhagslegur ávinningur í því að selja lyfin sín eða svindla á því á einhvern hátt er mjög freistandi að gera það. Ég held að verið sé að selja hverja töflu inni á Litla-Hrauni á 8 til 10 þúsund krónur.*

Þórarinn Tyrfingsson svaraði ekki beiðni um viðtal en í frétt um Suboxone í Fréttablaðinu 18. desember síðastliðinn sagðist hann ekki kannast við að lyfið væri misnotað á Litla-Hrauni<sup>9</sup> og í fréttablaði SÁÁ í desember 2014 fullyrta hann að ekki væri hægt að misnota það.<sup>10</sup> Þórarinn var jafnframt í sjónvarpsviðtali á Hringbraut í mars á þessu ári og nefndi ekki misnotkun þá heldur. Hins vegar sagði hann að lyfið hefði

### **Eftirtaldir stúdentar á meistarastigi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík rituðu grein þessa fyrir VERNDARBLAÐIÐ:**


Eyrún Viktorsdóttir, Jakob Pétursson, María Sjöfn Árnadóttir, Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir, Þór Jónsson og Þórhildur Kristjánsdóttir. Leiðbeinandi þeirra var Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við H.R.

gjörbreytt batahorfum þeirra sem ættu við fíkn í heróín, morfín og önnur slík lyf að stríða og hefði fækkað endurkomum hjá þeim sem áður hefðu leitað oft á Vog.<sup>11</sup>

Við ræddum við konu sem hefur

tekið Suboxone í næstum fimm ár í því skyni að bæla niður morfínfíkn. Hún sagðist hugsa með hryllingi til þess ef hún þyrfti að hætta á lyfinu.

Jón Þór Kvaran segir þó að tvær hliðar séu á þessum peningi.



*Mér þykir algjörlega óeðlilegt að lyf sem verið er að nota til að bjarga mannlífum skuli líka vera að búa til nýja tegund af fíklum inni í fangelsiskerfinu, þannig að það er nokkuð sem þarf klárlega að skoða.*

## Misnotkun á Suboxone

Sé rétt með Suboxone farið veldur það ekki vímu en annað er uppi á teningunum þegar sá tekur það inn sem ekki hefur byggt upp lyfjaþol morfín- og heróínfíkils. Morfínfíklar geta þó líka misnotað lyfið með því að auka skammtinn sinn. Þá getur Suboxone snúist í andhverfu sína, orðið bæði ávanabindandi og lífshættulegt.<sup>12</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu hefur Suboxone fundist í sýnum einstaklinga sem látist hafa vegna lyfjæftrunar hér á landi en ekki fengust upplýsingar um hvort lyfið væri eitt og sér dánarorsökin eða hvort því hafði verið blandað saman við önnur lyf.<sup>13</sup> Í Suboxone er búprenorfin, sem er líkt morfíni, en einnig naloxón, sem var ætlað að koma í veg fyrir að hægt yrði að misnota lyfið með því að umbreyta því í vökva og sprauta honum í æð.<sup>14</sup> En hugviti fíkniefnaneytenda eru lítil takmörk sett og sé yfirhöfuð til leið til að misnota lyf hafa fíklar fundið þá leið.<sup>15</sup>

Jón Þór segir að fangar á Litla-Hrauni mylji Suboxone-töflur niður og taki duftið í nefið.

*Þeir strákar sem hafa verið fúsir til að ræða þetta við okkur opinskátt segja að til að byrja með upplifi þeir heilmikla vímu og hún endist þeim lengi. Hver tafla dugar þeim í nokkra daga. Þegar líður lengra á neysluna komast þeir kannski ekki lengur í þessa vímu en upplifa eins konar vellíðunarástand, ekki í fíkn í aðra hluti, líður ágætlega og virka í alla staði vel, sem að sjálfsgöðu gerir þetta að eftirsóknarverðu lyfi inni í fangelsi og frekar en mörg önnur lyf. Mörg önnur lyf eru þannig, sérstaklega þetta læknadóp, að þegar menn misnota þau í umhverfi þar sem alltaf er verið að fylgjast með þeim, þá kemst fljótt upp um þá. Þeir verða ruglaðir og geta ekki mætt í vinnu eða skóla á meðan þeir geta látið á litlu bera á Suboxone.*

## Suboxone smyglað

Algengt er að lyfjum á borð við Suboxone sé smyglað inn í fangelsið með gestum. Lítið fer fyrir því og fíkniefnahundar finna ekki af því lykt.<sup>16</sup> Jón Þór segir að lyfinu sé einfaldlega smyglað innvortis með heim-sóknargestum og væntanlega innvortis með fanganum líka.

Á Vogu snýst dæmið við, segir fíkniefnaneytandi sem við ræddum við um Suboxone-misnotkun, því að þar er lyfinu ávísað á sjúklingana og þarf ekki að smygla því. Sá sem ætlar að misnota lyfið þarf aftur á móti að „smygla“ sér í meðferð.

*Stundum verður mórallinn inni í húsinu þannig að það snýst allt um að fá sér og redda þessu lyfi.*

## Lyfjæfirlit

Landlæknisembættið hefur með höndum lyfjæfirlit og getur beitt lækni viðurlögum sem brýtur reglur um ávísanir lyfseðilsskylda lyfja, jafnvel svipt hann starfsleyfi.<sup>17</sup> Með lyfjagagnagrunni embættisins, sem var tekinn í notkun árið 2005, jókst eftirlit með lyfjaávísunum stórlega. Það leiddi til dæmis til samdráttar í ávísunum á amfetamíni á árabílinu 1992–2010.<sup>18</sup> Eftirlitið batnaði enn með breytingu á lyfjalögum 2012 sem gerði læknum frekar kleift að fylgjast með óeðlilegri lyfjasókn sjúklinga sinna eða rápi á milli lækna.<sup>19</sup>

En ekkert eftirlit er gallalaust eða svo öruggt að það megi ekki snúa á það ef viljinn er fyrir hendi.

Við leitum til verkefnastjóra lyfjateymis Landlæknisembættisins um viðtal varðandi eftirlit þess en hann sagðist aðeins reiðubúinn að svara skriflegum spurningum okkar í tölvupósti. Við spurðum meðal annars hvort skoðun embættisins á notkun Suboxone hefði leitt í ljós að lækna misfæru með heimildir sínar, hvort til væru staðtölur um slíkt fyrir árið 2015, hvort gripið hefði verið til ráðstafna vegna vandans sem upp væri kominn á Litla-Hrauni og hverjar þær þá væru.

Svar hefur ekki borist.

## Heimildir:

- 1 Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni, tölvupóstur, 10. mars 2016

- 2 „Suboxone – Fylgiseðill“ (RXed) <<http://rxed.eu/is/s/Suboxone/4/>> skoðað 6. mars 2016
- 3 Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005, sbr. 1. mgr. 57. gr.
- 4 Stuckert J, „How is Suboxone treatment different than drug abuse?“ <<http://psychcentral.com/lib/how-is-suboxone-treatment-different-than-drug-abuse/>> skoðað 4. mars 2016
- 5 Ritstjórn, „Viðhaldsmeðferð fyrir sprautufíkla“ (SÁÁ) <<http://saa.is/medferdir/vidhalds-medferd-vegna-opiodafiknar/>> skoðað 9. mars 2016
- 6 Sbr. sama heimild
- 7 Reunanan, A, „Den livslånga avgiftningen. - Behandlingen, läckage och missbruk av Metadon, Suboxone och Subutex,“ KRIS 2012, 39–40 <[http://www.kris.a.se/pdf/Den\\_livslånga\\_avgiftningen.pdf](http://www.kris.a.se/pdf/Den_livslånga_avgiftningen.pdf)> skoðað 7. mars 2016
- 8 Páll Magnússon, „Fíkn – íslenska leiðin“ (Hringbraut, 11. mars 2016) <<http://www.hringbraut.is/sjonvarp/fikn-islenska-leidinthattur-1>> skoðað 13. mars 2016
- 9 Ólöf Skaftadóttir og Viktoría Hermannsdóttir, „Meðferðarlyf valda vanda á Hrauninu“ (Vísir, 18. desember 2015) <<http://www.visir.is/medferdarlyf-valda-vanda-a-hrauninu/article/2015151218750>> skoðað 4. mars 2016
- 10 Ritstjórn, „Skaðaminnkunaræðgerðir SÁÁ þær viðamestu í landinu“ (3. tbl. 2014) 13 SÁÁ blaðið Eðrú 8, 8
- 11 Páll Magnússon, „Fíkn – íslenska leiðin“ (Hringbraut, 11. mars 2016) <<http://www.hringbraut.is/sjonvarp/fikn-islenska-leidinthattur-1>> skoðað 13. mars 2016
- 12 Sjá t.d. Þóra Tómasdóttir, „Lífið hrundi þegar pabbi hvarf“ (Fréttatíminn, 19. febrúar 2016) <<http://www.frettatiminn.is/lifid-hrundi-thegar-pabbi-hvarf/>> skoðað 6. mars 2016
- 13 Ólafur Einarsson, verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis, tölvupóstur, 10. mars 2016
- 14 Lyfjastofnun Evrópu, „Viðauki I Samantekt á eiginleikum lyfs“ <[http://www.ema.europa.eu/docs/is\\_IS/document\\_library/EPAR\\_-\\_Product\\_Information/human/000697/WC500058505.pdf](http://www.ema.europa.eu/docs/is_IS/document_library/EPAR_-_Product_Information/human/000697/WC500058505.pdf)> skoðað 15. mars 2016
- 15 Viðtal við Sigurð Fossdal, ráðgjafi á meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti, 11. mars 2016
- 16 Ólöf Skaftadóttir og Viktoría Hermannsdóttir, „Meðferðarlyf valda vanda á Hrauninu“ (Vísir, 18. desember 2015) <<http://www.visir.is/medferdarlyf-valda-vanda-a-hrauninu/article/2015151218750>> skoðað 4. mars 2016
- 17 Lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, sbr. IV. k., einkum 18. og 19. gr.
- 18 Geir Gunnlaugsson, „Eftirlit landlæknis með lyfjanotkun“ (Landlæknir, 1. júní 2011) <[http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item13892-Eftirlit\\_landlaeknis\\_med\\_lyfjanotkun\\_og\\_lyfjaavisunum\\_laekna](http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item13892-Eftirlit_landlaeknis_med_lyfjanotkun_og_lyfjaavisunum_laekna)> skoðað 10. mars 2016
- 19 Auður Harðardóttir, Ingi Steinar Ingason, „Aðgangur að lyfjagagnagrunni“ (Landlæknir, 16. apríl 2015) <<http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efirlit/heilbrigdisthjonusta/rafraensjukraskra/adgangur-ad-lyfjagagnagrunni/>> skoðað 9. mars 2016, sbr. og lög nr. 45/2012 um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og lyfjalögum nr. 93/1944 með síðari breytingum.



## MINNING

# JÓNA GRÓA SIGURÐARDÓTTIR



heiðursformaður Verndar, f. 18. mars 1935 – d. 17. september 2015

Fangahjálpin Vernd naut forystu Jónu Gróu Sigurðardóttur í sjö ár, 1982–1989, og á þeim tíma voru samtökin öflug og á köflum gustaði um þau. Jóna Gróa var rétt kona á réttum tíma og réttum stað. Hún var kröftugur formaður Verndar og framkvæmdastjóri, knúin áfram af hugsjónamóð fyrir þeim málstað sem henni var trúað fyrir.

Það reyndist henni fremur auðvelt vekja athygli á málstað fanga og fjölskyldna þeirra. Hún var upptendruð af baráttuanda og fann til einlægrar samúðar með skjólstæðingum Verndar. En jafnframt vildi hún ekki ala á neinum vesaldóm heldur hvatti menn til að rífa sig upp úr hjólförum ógæfunnar og leita sér þeirrar hjálpar sem í boði var. Fólk lagði við hlustir þegar þessi einarða og kappsfulla kona sagði frá samfélagskjörum þeirra sem minna máttu sín og hvernig mætti breyta þeim. Ósjálfrátt komu margir á hennar fund og lýstu yfir vilja sínum til að leggja málstaðnum lið. Sá stuðningur eflaði hana í öllum störfum fyrir fangahjálpinna. Bjartsýni hennar var við brugðið og naut sín einkar vel í djörfum áformum fangahjálparinnar um að kaupa veglegt hús í grónu hverfi borgarinnar sem áfangenheimili fyrir þau sem gerst höfðu brotleg við lög landsins. Mörgum fannst það óráð og óhófleg bjartsýni. En Jóna Gróa blés á allar úrtöluraddir. Í huga hennar voru húsa kaupin mikilvægur þáttur í því að koma skjólstæðingum Verndar aftur út í samfélagið. Þeir skyldu búa meðal fólks, almennings, ekki á jaðrinum í einhverju skítugu og niðurníddu iðnaðarhverfi, heldur miðsvæðis í samfélaginu, í góðu húsnæði. En mörgum leist ekki á blikuna og vildu ekki brotamenn í hverfið sitt. Jóna Gróa stóð vakin og sofin vörð um þetta áfangenheimili þegar sótt var að því og reynt að koma starfseminni eitthvert annað. Hún gekk ótrauð í hús nágretta áfangheimilisins og ræddi við fólk. Hispurslaus í framkomu, ákveðin í fasi en þó hlý. Margur heillaðist af krafti þessarar konu og óbilandi trú hennar á góðan málstað.

Jóna Gróa var framsýn kona eins og reyndar margt af forystufólki Verndar hefur verið. Í einni grein af fjölmörgum sem hún skrifaði í Verndarblaðið fyrir 34 árum má lesa orð sem enn eiga við – og eru reyndar enn til umræðu þótt ótrúlegt sé: „Það er illt hlutskipti að vera

dæmdur til refsingar fyrir afbrot, aðstandendum þeirra þungbært og þjóðfélaginu kostnaðarsamt, en hjá því verður ekki komist. En aftur á móti á það að vera skylda hins opinbera að sjá svo um að fangelsisvistin verði betrunarvist. Meginmarkmið fangelsisvistar á að vera endurhæfing manna til fullgildrar þátttöku í þjóðfélaginu, m.a. með því að hjálpa þeim til að fá lækningu á andlegum meinum sínum, að læra að þekkja sjálfa sig, að efla öryggiskennnd sína og virðinguna fyrir náunganum og sjálfum sér, þannig að þeir finni markmið og tilgang fyrir lífi sínu, sjálfum sér og þjóðfélaginu til blessunar. Betrunarvist sem er grundvölluð á fræðslu og endurhæfingu hlýtur að vera það sem koma skal og líklegasta meðalið til að rjúfa þann vítahring sem margir fangar hafa lent í. (*Betrunarvist sem er grundvölluð á fræðslu og endurhæfingu, Verndarblaðið, 2. tbl., 1982, bls. 14*). Hér skrifar framsýn kona um það sem er ofarlega á baugi nú tæpum fjörutíu árum síðar: fræðsla handa föngum, endurhæfing, virðing og þátttaka í samfélaginu.

Verndarblaðið á henni líka þakkir að gjalda. Aldrei var útgáfa blaðsins jafn öflug og í hennar tíð. Sjálf safnaði hún auglýsingum, skrifaði í blaðið og fékk aðra til þess einnig. Dreifði blaðinu sjálf um allar koppagrundir. Hún vissi að fangahjálpin þyrfti á öflugum og lifandi málgagni að halda þar sem forystufólk léti í sér heyra. Auk þess var blaðið tekjulind fyrir samtökin. Jóna Gróa var öflug félagsmálakona og hugmyndarík í störfum sínum fyrir Vernd eins og sjá má í Verndarblaðinu frá formannsárum hennar. Hún stofnaði til happdrættis á vegum samtakanna þar sem veglegir vinningar voru í boði, lét gera merki fyrir samtökin og börn gengu í hús og seldu það í fjáröflunarskyni. Aðstoðaði fanga við útgáfu á hljómplötu og virkjaði þjóðkunna íþróttamenn til að leggja starfinu lið og var meðal annars safnað fyrir bættri íþróttáæðstöðu á Litla-Hrauni. Sjálf var hún potturinn og pannan í hverju verki og vílaði ekkert fyrir sér.

Fangahjálpin Vernd kveður heiðursformann sinn með virðingu og þökk.

Guð blessi minningu Jónu Gróu Sigurðardóttur.

# HEIMSINS BESTA FANGELSI?

VERNDARBLAÐIÐ rakst á athyglisverða grein í bandaríska tímaritinu *The Mockingbird – to care and to care*, nánar tiltekið sumarheftinu 2015. Þar er umfjöllun um norsk fangelsismál og viðtal við Arne Nilsen sem starfað hefur á ýmsum póstum í norska fangelsiskerfinu og var um tíma sálfræðingur í fangelsinu á Bastø og síðar forstöðumaður þess í nokkur ár. Nú veitir hann fangelsisráðgjöf víða í heiminum og um þessar mundir í Rúmeníu.

## Úti á Óslóarfirði

Fangelsið á Bastø er úti á Óslóarfirði og stundum kallað „heimsins besta fangelsi.“ Það er opið fangelsi og rúmar 115 fanga. Það er skipulagt eins og lítið samfélag. Þar er að finna um 80 hús, vegi, litla sólarströnd, fótboltavöll, akur og skóglendi. Á eyjunni er líka verslun, bókasafn, upplýsingaskrifstofa, kirkja, viti og skóli. Byggingar eyjarinnar eru friðaðar og sömuleiðis náttúran. Fangarnir sinna ýmsum störfum á eyjunni eins og timburvinnslu og hrossabúskap, stunda skólanám og fleira sem til fellur. Þeir starfa líka um borð í ferjunni sem siglir út í eyna. Kunnast er þó fangelsið fyrir að fangar sem þar afplána brjóta síður aftur af sér en fangar í öðrum fangelsum.

## Hefðbundin fangelsi eru „frumstæð“

Arne Nilsen segist hafa lært mikið af störfum sínum innan fangelsiskerfisins. Og þá fyrst og fremst hve mörg mistök hafi verið gerð þegar kemur að því að draga úr síendurteknum afbrotum sömu manna eftir að þeir hafa lokið

afplánun. Öll ábyrgð hafi verið tekin frá föngunum og þeir hafi lítið sem ekkert um það að segja hvernig líf þeirra var skipulegt bak við lás og slá. Og þeir sjálfir ekki einu sinni látnir bera raunverulega ábyrgð á eigin gjörðum innan fangelsis. Kerfið byggist á regluverki og viðurlögum við því að brjóta gegn þessum reglum. Arne sá líka æ betur hve hefðbundin fangelsi eru „frumstæð“ þegar kemur að refsingum fólks sem fremur afbrot. Viðhorf hinna hefðbundnu fangelsa væri „að loka liðið inni og fleygja lyklinum.“ Að lokinni afplánun væri dyrum svo lokið upp og föngunum skipað að ganga aftur út í samfélagið.

Þegar hann kom til starfa á Bastø laukst það upp fyrir honum að þarna væri hægt að koma á fót „mannlegu og umhverfisvænu samfélagi.“ Fangarnir gætu lært að „styðja við náttúruna en ekki að ganga gegn henni.“ Þannig yrði þeim ljóst að þeir væru hluti af þessu umhverfi.

## Auðvelt að gera mistök og brjóta lög

Gefum nú Arne Nilsen orðið: „Þetta var grundvallarbreyting. En frá mínum bæjardryrum séð var meginbreytingin fólgin í því að gefa starfsfólki tæki og tól auk úrræða til að styðjast við og til að starfa með föngunum í þessu „nýja fangelsi.“ Þetta snerist ekki eingöngu um öryggismál heldur hitt sem er öllu erfiðara að horfast í augu sem er sú staðreynd að um er að ræða manneskjur með ólíkan bakgrunn, starfsfólk og fanga. Við vitum sem manneskjur að það getur reynst örðugt að breyta þeim

gildum sem við styðjumst við í lífinu, breyta venjum okkar og siðum. ...

Ég hafði enga trú á því fyrirkomulagi sem notað var við stjórnun og rekstur fangelsa. Í mörg ár hafði ég komið að ýmsum málum eins og kirkjustarfi, félagsmálum ýmis konar, og unnið með fíkniefnasjúklingum á ólíkum meðferðarstofnunum. Þessi störf sýndu mér hve lífið getur reynst mörgum erfitt og hve auðvelt það getur verið að gera mistök og brjóta lög og reglur samfélagsins. Smám saman laukst upp fyrir mér traust samfélags okkar og nánast óbifanleg trú á refsingar án þess að spyrja hvernig þær virkuðu og hvort þær yfir höfuð gerðu eitthvert gagn.“

Arne segist á sínum tíma hafa ákveðið að sækjast eftir starfi forstöðumanns Bastø-fangelsisins því honum væri ljóst að allar rannsóknir bentu til þess að fangelsi sem refsing væri gagnlaust þegar kæmi að því að endurhæfa afbrotamenn og samlaga þá aftur samfélaginu. Og hann bætir við: „Ekki verður horft framhjá þeirri staðreynd að rannsóknir sýna að í fangavistinni magnast upp hjá mörgum föngum víðtæk vandamál af persónulegum toga, félagslegum og geðrænum. Þegar þeir fá frelsi og ganga aftur út í samfélagið eru þeir alvarlegri ógnun gagnvart því heldur þegar þeir hófu afplánun.“

## Allt kostar fjármuni

Arne er spurður að því hvort fangelsi eins og á Bastø sé sóun á almannafé og tíma. Hann segir slíka spurningu ekki koma sér úr jafnvægi því að vinna hans og þau gildi sem hann aðhyllist séu byggð á staðreyndum, vísindum, rannsóknum og reynslu. „Við eyðum minna af fjárlögum ríkisins en önnur *venjuleg fangelsi*,“ segir hann. „Og á sama tíma samkvæmt nýjustu rannsóknum sýnir Bastø-fangelsið lægstu endurkomutiðni meðal fangelsa í Evrópu (en meðaltölur í álfunni eru 70-75% miðað við tvö ár eftir afplánun en á Bastø er hlutfallið 16%). Við þurfum semsé ekki að skammast okkar fyrir þetta. Þetta raskar ekki heldur ró minni vegna þess að ég kem fram við hvern fanga af sömu virðingu og við starfsfólkið. Ég tel að við eigum að sýna öllum manneskjum manngæsku og virðingu ekki vegna þess

hvað þær hafa gert eða ekki gert heldur vegna þess að þær eru hluti af sköpuninni á sama hátt og ég sjálfur. Hver er ég sem persóna – og sem forstöðumaður? Ég er ekki dómari né heldur fulltrúi fórnarlamba afbrotanna eða samfélagsins. Ég axla þá ábyrgð sem samfélag mitt hefur gengist undir sem felst í því að mannréttindi standi öllum til boða sem og virðing. Starf mitt sem forstöðumaður fólst í því að tryggja það að fangar afplánuðu sinn dóm sem kveðinn hafði verið



## ***Ef þú ætlar að dæma um menningarstig einhverrar þjóðar skaltu fyrst skoða fangelsi hennar.***

***Fjodor Dostojevský***

upp og þeir byggju við öryggi í fangavistinni. Það var einnig hluti af starfi mínu að gera allt sem í mínu valdi stóð til að styðja við bakið á þeim svo þeir yrðu ábyrgir þegnar samfélagsins að afplánun lokinni. Og refsing þeirra var frelsisvipting. Hvorki meira né minna.“

### **Siðferðileg álitamál**

Arne segist telja að samfélög sem meðhöndli fanga eins og gert var fyrir hundruðum ára og líti á þá sem skepnur, glími við djúpstæðan innri vanda, menningarlegan og siðferðilegan. Hann segir: „Í augum mínum er allt líf heilagt. Líf fanga er jafn heilagt og mitt líf. Ekki vegna þess hvað ég hef ekki gert eða vegna þess sem ég hef gert! Eitt það erfðasta sem mér finnst að skilja er að til eru þjóðir og menningarheildir sem játa trú á Guð og á sama tíma fara þær illa með samborgara sína og taka þá jafnvel af lífi. Ég tel að enginn, hvorki einstaklingur né heldur samfélag, hafi rétt eða vald til að vinna öðrum miska, heldur sé hvort tveggja bundið við að *fjarlægja* einstaklinginn úr hinu frjálsa samfélagi þegar öðrum stafar ógn af honum eða hann er sjálfum sér hættulegur. Við megum ekki leyfa okkur að sökva ofan í sama pytt og þeir sem við refsum.“

Arne víkur að hinum skelfilegu fjöldamorðum í Útey í júlímánuði árið 2011. Þar kom við sögu Anders Behring

Breivik. Hann segist vera viss um að ætíð skjóti upp kollinum einstaklingar sem eru svo mikil ógn við samborgara sína og samfélagið að eina ráðið sé að fangelsa þá ævilangt. „En það er svo önnur mikilvæg spurning sem verður að svara: *Hver á að bera ábyrgð á stjórnun fangelsa sem hýsa menn ævilangt, og hvað á að bjóða viðkomandi föngum upp á í fangavistinni?* Þau eru ekki mörg tilvikin þar sem menn sitja ævilangt í fangelsi í Noregi. En þeir einstaklingar hafa engu að síður sinn rétt og möguleika til að lifa eins góðu lífi og frekast er unnt í stofnunum af þessu tagi. Flestir þeirra eiga örugglega fremur heima á stofnunum sem heilbrigðis-kerfið rekur en ekki fangelsiskerfið.“

### **Og hvað með fyrirgefninguna?**

„Út frá sálfræðilegu sjónarhorni tel ég að besta leiðin til að glíma við refsingu sé fólgin í því að byggja allt viðurlagakerfið á kenningum og meginreglum hinnar s.k. uppbyggilegu réttvísi (*e. restorative justice*). Brotamaðurinn hefur betri möguleika á því að finna fyrir fyrirgefningunni og taka á móti henni og binda endi á brot sitt með því að horfast í augu við fórnarlambið og „gera upp“ við það. Með því að láta brotamaninn afplána fangelsisrefsingu hefur ríkisvaldið tekið sér hlutverk fórnarlambinsins. Það er mjög mikilvæg

regla á Norðurlöndum að líta svo á að sú manneskja sem hefur afplánað fangelsisdóm eða gegnt samfélagsþjónustu, hafi með því greitt skuld sína við samfélagið og geti að því loknu haldið áfram lífi sínu. Manneskju sem hefur lokið afpánun ber að sýna sömu virðingu og mér og þér. Þegar við tölum um fyrirgefningu Guðs í kristinni guðfræði þá er átt við að hann muni ekki misgjörðir okkar mannanna. Því miður er viðurlagakerfið okkar – og við sem mannlegar

verur – því marki brennd að geta ekki gleymt! En hvað sem þessu líður þá verða stjórnvöld að sjá til þess að við meðhöndlum hvern einstakling sem afplánar með virðingu og leggi ekki stein í götu þeirra þegar þeir hafa lokið afplánun – greitt skuld sína við samfélagið. Það á að taka þeim opnum örmum og bjóða velkomna í samfélagið enda hafa þeir gert reikning sinn upp við það.“

### **Að breyta manneskjum**

Arne segir að ekki sé hægt að breyta manneskjum með valdi. Og jafnvel þótt það væri hægt er ekki víst að það væri siðferðilega rétt:

„Ég tel að hægt sé að styðja við bakið á þeirri manneskju sem vill breyta lífverni sínu og hugsun.“ Hann telur mikilvægt að fangelsiskerfið skapi það umhverfi, þá jákvæðu menningu sem þarf innan fangelsa og möguleika til að vekja ábyrgðartilfinningu og sjálfstraust hjá föngum og þá ekki síður milli fanga og starfsmanna í fangelsum. „Markmið þessa er aðeins eitt,“ segir hann. „Að fangar sjái möguleika á því að breytast í fangelsi, og átti sig á því að krafturinn til að taka breytingum býr í sérhverjum einstaklingi.“

(HSH tók saman úr *The Mockingbird – to care and to care*; Interview: Human inside: Meet the Warden of the World's Nicest Prison, bls. 73-80.)



# FÉLAGSLEGUR BAKGRUNNUR FANGA OG SAMFÉLAGSAÐLÖGUN AÐ LOKINNI AFPLÁNUN

Þrátt fyrir að ólíkar skoðanir megi finna meðal almennings um tilgang og markmið fangelsiskerfisins eru flestir sammála því að fangelsun eigi ekki að vera skaðleg einstaklingum sem þar lenda (Porporino og Zamble, 1984). Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma með þeim hætti að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeir hafa hlotið fyrir dómi (Fangelsismálastofnun, e.d.). Fangelsisvist er refsing og er henni ekki ætlað að vera ánægjuleg en jafnframt er afar mikilvægt og mannúðlegt að fangar yfirgefi ekki fangelsin í verra ástandi en þeir voru í þegar þeir hófu afplánun sína. (Adams, 1992).

Bakgrunnur fanga er fjölbreyttur en að sama skapi eru margir grunnþættir sem þeir eiga sameiginlega (Seiter og Kadela, 2003). Um 90 prósent fanga eru karlmenn og eru þeir flestir á fertugsaldri (Travis og Visher, 2005; Visher og Travis, 2003; Federal Bureau of Prisons, 2014). Margir þeirra hafa setið áður í fangelsi, hafa litla menntun, fátæklega atvinnusögu, margir háðir vímuefnum og hafa barist við ýmisleg félags- og heilsufarsleg vandamál eins og heimilisleysi áður en þeir enduðu í fangelsi. (Manger, Eikeland, Asbjørnsen og Langelid, 2006; Marushack og Beck, 2001; Lynch og Sabol, 2001; Skarðhamar, 2003).

## Aðlögun að fangelsi eða samfélagi?

Á meðan miklar kröfur eru gerðar til fangelsa, búa þau við mikinn fjárhagslegan niðurskurð ár hvert en lausn fanga er afar mikilvægur þáttur í skilvirkni réttarkerfisins í baráttunni gagnvart afbrotum (Erlendur S. Baldursson,



Höfundur greinarinnar, Hildur Hlöðversdóttir, er með meistaraþróf í félagsfræði frá Háskóla Íslands

2009). Þegar fangi lýkur afplánun er því vonast til að fangavistin hafi gert sitt gagn og að hann muni ekki brjóta aftur af sér þegar í samfélagið er komið (Gaetez og O'Grady, 2006).

Hinsvegar er veruleikinn allt annar, en einstaklingar sem setið hafa í fangelsum eiga margir hverjir í erfiðleikum með að aðlagast samfélaginu að nýju. Aðstæður innan fangelsanna hafa oft leitt til þess að þeir fjarlægist samfélagið og eiga margir þeirra erfiðt með að laga hegðun sína að gildum og reglum samfélagsins við lok afplánunar. Viðhorf, hegðun og venjur sem þeir meðtöku í fangelsinu eru oft á skjön við þau viðhorf og gildi sem ríkja í samfélaginu. Að auki viðhalda margir þeirra kynnum sínum við aðra glæpamenn, sem þeir kynntust í fangelsinu eftir að út í samfélagið er komið (Giddens, 2009). Því ljúka margir fangar vist sinni mun betur aðlagaðir fangavist en frjálsa samfélaginu, og eiga erfiðt með að aðlagast þegar út er komið.

Meirihluti fanga yfirgefa fangelsin félitlir, án öruggrar búsetu, án réttinda til heilsufars- eða atvinnuleysisbóta og með takmarkaða möguleika á atvinnu (Department of Health and Human Services, 2001; Petersilia, 2000). Sumir fræðimenn halda því fram að fangar séu að öllu jöfnu verr undirbúnir fyrir

aðlögun að samfélaginu, minna tengdir helstu stöðum þess og líklegri en áður til að glíma við frekari félags- og heilsufarsleg vandamál, svo sem vímuefnafíkn (Austin, 2001). Þarfir fanga eru meiri og flóknari en áður hefur sést, en að sama skapi er lítið um endurhæfingu eða aðstoð sem stendur þeim til boða þegar aftur út í samfélagið er komið. Því miður eru mörg dæmi um að úrræði og aðstoð til aðlögunar séu skorin niður og þeim hætt, þrátt fyrir að rannsóknir bendi til mikilvægi þeirra (Department of Health and Human Services, 2001; Petersilia, 2000; Petersilia, 2005).

## Lykilþættir

Talið er að baki farsælli aðlögun að samfélaginu að lokinni afplánun liggi ýmsir félagslegir og persónubundnir þættir. Hins vegar er margt á huldu hvað felist í árangursríkri endurkomu í samfélagið og hvað ekki (Petersilia, 2001a).

Nokkrir lykilþættir eru þó taldir skipta miklu máli hvað það varðar og má þá nefna húsnæði, atvinnu, andlegt- og líkamlegt heilsufar, stuðning fjölskyldu og áframhaldandi meðferðum við áfengis- og/eða eiturfjafíkn, en þessir þættir hafa nú þegar markað líf fanga á ólíkan hátt. (Visher og Travis, 2003).

Margir fangar hafa haft takmarkaða reynslu af vinnumarkaðnum og hafa þeir oft upplifað tíðan atvinnumissi og starfað helst í lágláunastörfum sem krefjast lítillar færni. Slík störf hverfa gjarnan í efnahagslegum lægðum. Erlendar rannsóknir sýna að um einn af hverjum þremur fongum er talinn hafa verið atvinnulaus áður en í fangelsið var komið (Petersilia, 2005; Lynch og Sabol, 2001). Rannsóknir hafa einnig sýnt

fram á að atvinna tengist lægri ítrek-unartíðni og minnki hana um allt frá þriðjungi til helming og eftir því sem laun eru hærri, minnka líkur á afbrotahæðun (Bernstein og Houston, 2000; Social Exclusion Unit, 2002).

Líkt og með atvinnuleysi fyrir afplánun, hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á að margir fangar voru heimilislausir áður en í fangelsið var komið og verða aftur heimilislausir í kjölfar fangelsunarinnar. Fangelsunin getur leitt til þess að fangar geti ekki búið lengur í húsnæði sínu. Þá vegna þess að þeir geti ekki borgað lengur leigu eða húsnæðisláni eða vegna þess að leigusalar vilji ekki halda áfram að leigja þeim húsnæði. Því lengur sem fangi er atvinnulaus, því líklegri er að hann verði heimilislaus og sérstaklega ef stuðningur fjölskyldu er ekki til staðar (Gaetez og O'Grady, 2006). Öruggt húsnæði er því talin vera brýnasta þörfin sem fangar finna fyrir þegar þeir ljúka afplánun sinni (Metraux og Culhane, 2004; Visher, La Vigne og Travis, 2003).

## Geðheilsa fanga og líkamleg heilsa

Erfitt er að gera ráð fyrir tíðni geðheilsuvandamála en ljóst er að hærri tíðni geðrænna veikinda er að finna meðal fanga heldur en í samfélaginu almennt (National Commission on Correctional Health Care, 2002). Enn fremur er heimilis- og atvinnuleysi, vímuefnafíkn og saga um líkamlega misnotkun algengari meðal fanga með geðræna sjúkdóma (James og Glaze, 2006; Ditton, 1999). Um 90% fanga er sleppt úr fangelsi án áframhaldandi geðheilbrigðisaðstoðar eða hafa ekki aðgengi að þeim úrræðum sem þeir þurfa (Kupers, 1999). Fangelsun er talin geta valdið ýmsum geðrænum sjúkdómum og getur að sama skapi svipt hulunni af persónulegum vandamálum (Petersilia, 2000; Gaetez og O'Grady, 2006).

Líkamlegt heilsufar fanga er einnig talið vera töluvert verra en heilsufar almennings yfirleitt, bæði vegna fyrri lífnaðarháttanna en einnig vegna aðstæðna í fangelsinu, sem felast í yfirfullum eða óviðunandi búsetuáðstæðum, vímuefnanotkunar og fátæktar (Petersilia, 2001b).

## Fíknivandi meðal fanga

Stór hluti fanga glímir einnig við vímuefnafíkn. Kanadísk rannsókn gaf til kynna að 80% fanga í alríkisfangelsum landsins, glímdu við vímuefnafíkn sem tengdist síðan afbrotahæðun þeirra. Afbrotahæðunin leiddi síðar meir til fangelsunar (Grant, Varis og Lefebvre, 2005). Tengsl afbrota og vímuefnaneyslu er á ýmsa vegu. Í fyrsta lagi ber að nefna að stórneytendur fíkniefna á borð við heróín, kókaín og krakk fremja stóran hluta afbrota sinna í þeim tilgangi að fjármagna neyslu sína (Gaetez og O'Grady, 2006). Þegar fangar ljúka afplánun sinni er ljóst að meirihluti þeirra mun þurfa á stuðningi að halda þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að fangar sem voru fíklar áður en þeir fóru í fangelsi, munu að öllum líkindum halda neyslu sinni áfram eftir að afplánun lýkur og í kjölfarið stunda frekari afbrot (Harrison, 2001). Flestir fangar snúa einnig í sitt gamla umhverfi og hitta þar fyrir gamla kunningja. Því er mikilvægt að fangar hafi aðgang að meðferðarstöðum, kjósi þeir að lifa lífi án vímuefna. Einnig er mikilvægt að þeir hafi aðgang að meðferðarúrræðum í fangelsinu og strax eftir að afplánun lýkur. (Harrison, 2001).

## Fjölskyldan mikilvæg

Að lokum hefur mikilvægi fjölskyldunnar verið viðurkennt innan réttarkerfisins, en fjölskyldan er talin fongum afar mikilvæg, bæði í fangelsinu og eftir að afplánun lýkur (Gaetez og O'Grady, 2006; Bales og Mears, 2008). Rannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á það að hlúa að og styrkja fjölskyldutengsl, á meðan afplánun stendur, getur haft jákvæð áhrif á líðan fanga er út í samfélagið er komið (Shapiro og Schwartz, 2001). Einstaklingur sem nýtur stuðnings fjölskyldu, vina og nærsamfélags, gæti því haft jákvæðari viðhorf og beitt betri aðferðum til að glíma við áskoranir sem við honum blasa þegar kemur að því að aðlagast samfélaginu. Samskipti við þá sem standa þeim næst eru því mikilvæg til að þeir finni að aðrir beri umhyggju fyrir líðan þeirra sem eykur vilja þeirra til að eiga við þá erfiðleika sem þeir mögulega standa frammi fyrir síðar meir (Bales og Mears, 2008).

## Rannsóknin og niðurstöður hennar

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna félagslegan bakgrunn íslenskra fanga og viðhorf þeirra gagnvart aðlögun sinni að samfélaginu við lok afplánunar. Við framkvæmd rannsóknar var beitt megindlegri aðferð sem fólst í notkun á spurningalistum sem lagðir voru fyrir í öllum fangelsum landsins: Hegningarhúsinu, fangelsinu við Kópavogsbraut, fangelsinu á Litla-Hrauni, fangelsinu á Sogni í Ölfusi, fangelsinu við Þórunnarstræti á Akureyri, fangelsinu á Kviabyrggju á Snæfellsnesi ásamt Vernd áfangheimili. Heildarþátttaka fanganna voru 110 manns eða 75,3%.

Niðurstöður byggjast á viðhorfum þátttakenda, en helstu þemu sem voru skoðuð í því samhengi voru: Þátttakendur og afbrot þeirra, áfengis- og vímuefnaneysla fyrir afplánun, menntunarstaða fyrir afplánun, ástundun náms í fangelsinu og greining orðugleika, andleg líðan fyrir afplánun, aðstæður í fangelsunum, atvinna, húsnæði, stuðningur fjölskyldu og svo loks hvað taki við, við lok afplánunar.

Stór meirihluti þátttakenda voru karlar (108) en konur voru einungis tvær. Tæpur helmingur (49,1%) þátttakenda var á aldursbilinu 26-36 ára. Um 47,3% þátttakenda var í sinni fyrstu afplánun en yfir helmingur þátttakenda hafði setið inni áður og margir í sinni þriðju-sjöttu afplánun.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að félagsleg staða fanga hér á landi sé almennt slæm, meirihluti fanga hafi setið áður inni og margir þeirra hafa setið inni oft en tvisvar sinnum. Meirihluti svarenda voru að afplána þyngri dóma og sátu flestir inni fyrir fíkniefnabrot, ofbeldisbrot eða umferðarlagabrot/nyttjatöku. Hafði meirihluti þátttakenda verið í harðri fíkniefnaneyslu en neyttu áfengis í minna mæli fyrir afplánun.

Niðurstöður sýna einnig að fangar eru í dag minna menntaðir en fyrri rannsóknir hér á landi hafa sýnt fram á (Fangelsismálastofnun, 2004; Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2006). Höfðu margir þátttakenda verið greindir með athyglisbrest, ofvirkni og lesblindu sem hefur líklega haft eitthvað

að segja um stutta skólagöngu þeirra. Margir þátttakendanna höfðu einnig verið greindir með fleiri en einn örðugleika. Aftur á móti sýna niðurstöður fram á að námsþátttaka fanga hafi aukist verulega frá fyrri rannsóknum og er sú þróun afar jákvæð en um helmingur svarenda sagðist stunda bóknám (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2006). Hinsvegar stendur verknám ekki föngum til boða, sem getur mögulega skýrt það af hverju um helmingur fanga segist ekki stunda neitt nám í fangelsinu.

## Blendnar tilfinningar við lok afplánunar

Innan fangelsanna virðist geðheilbrigðisþjónusta vera ófullnægjandi að mati fanganna og höfðu ekki allir fengið meðferðar- og vistunaráætlun. Hafa margir gert alvarlegar athugasemdir við geðheilbrigðisþjónustu sem föngum stendur til boða (Rúv, 2013; Geðhjálp, 2013). Atvinnuleysi meðal fanga hefur aukist frá fyrri rannsóknum og töldu þátttakendur rannsóknarinnar að erfitt yrði fyrir þá að fá atvinnu við lok

afplánunar (Fangelsismálastofnun, 2004). Að sama skapi ríkti mikil óvissa meðal þeirra varðandi búsetumöguleika þeirra við lok afplánunar. Töldu sumir þeirra að þeir myndu enda á götunni. Fáir þeirra sögðust munu búa hjá fjölskyldumeðlimum þrátt fyrir að flestir sögðust njóta stuðnings hennar á meðan afplánun stendur. Helstu tilfinningar sem vöknudu er þeir hugsuðu um lok afplánunar sinnar voru blendnar. Tilfinningar eins og tilhlökkun, spenna, óvissa, kvíði, gleði, hamingja og hræðsla voru algengar. Tæplega þriðjungur svarenda taldi sig þó standa styrkum fótum við lok afplánunar þrátt fyrir ofangreinda félagslega erfiðleika.

## Betur má ef duga skal

Út frá niðurstöðum rannsóknar er ljóst að margt mætti betur fara til þess að tryggja að samfélagsaðlögun fanga verði sem farsælust. Nauðsynlegt er að bæta geðheilbrigðisþjónustu í íslenskum fangelsum og tryggja sómuleiðis að allir fangar fái meðferðar- og vistunaráætlun. Huga þarf einnig að verkmenntun í


fangelsunum og veita föngum með styttri afplánanir tækifæri á að hefja nám sem þeir gætu haldið áfram í þegar afplánun lýkur. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að tveir mikilvægustu þættir í farselli samfélagsaðlögun fanga, felst í að hafa húsnæði og atvinnu. Þátttakendur þessarar rannsóknar sýndu fram á þörfina á aukinni aðstoð við atvinnu- og húsnæðisleit þegar afplánun þeirra lýkur. Þarf því að veita föngum frekari eftirfylgni á fyrstu dögnum, vikunum og mánuðum eftir að í samfélagið er komið. Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar sýna fram á að meiri þörf er á frekari úrræðum, bæði heilbrigðis- og félagslegum á meðan afplánun stendur sem og við lok hennar.

(Vegna plássleysis komst heimildaskrá ekki fyrir en áhugasamir geta farið inn á skemman.is og séð þar heimildirnar á bls. 101 o.áfr. og lesið rannsóknina í heild sinni: <http://skemman.is/stream/get/1946/21209/49003/1/Ritger%C3%B0loka%C3%BATg%C3%A1fa.pdf>).

Höfundur er með meistaraþróf í félagsfræði frá Háskóla Íslands.

# KONUR OG FANGELSI

**Fangelsismál koma stundum til umræðu á Alþingi. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir spurðist fyrir nú í haust um fangelsismál kvenna. Innanríkisráðherra, Ólóf Nordal, svaraði skriflega. Spurningar Bjarkeyjar og svör ráðherrans fara hér:**



1. *Hve margar konur bíða nú afplánunar fangelsisdóms?* Samtals 40 konur bíða afplánunar fangelsisrefsinga. Af þeim hafa sex ekki verið boðaðar með formlegum hætti, fimm eru í boðun í annað sinn vegna rofs á skilyrðum samfélagsþjónustu og fimm hafa ýmist fengið samþykki fyrir að afplána refsingu í samfélagsþjónustu eða eru með virka umsókn þar að lútandi.
2. *Hversu lengi má ætla að biðin vari?* Ýmsir þættir hafa áhrif á bið eftir afplánun og er ekki eingöngu skorti á fangelsisrými um að kenna. Þannig getur dómþoli sótt um frestun á afplánun, sótt um náðun eða sótt um að afplána refsingu með samfélagsþjónustu en umsóknir sem þessar lengja allar biðina.
3. *Hversu langt hefur liðið að meðaltali undanfarin tvö ár*

*frá því að fangelsisdómur í máli konu féll þar til afplánun hófst?*

Þær konur sem hófu afplánun á sl. tveimur árum þurftu að meðaltali að bíða í tæplega tíu mánuði eftir afplánun frá því að dómur féll þar til afplánun hófst.

4. *Hve mörgum konum sem dæmdar*

*hafa verið til fangavistar undanfarin tvö ár hefur verið synjað um að gegna samfélagsþjónustu í stað afplánunar?*

Alls hafa 67 konur verið dæmdar í óskilorðsbundið fangelsi sl. tvö ár. Af þeim hefur 13 verið synjað um samfélagsþjónustu á þessum tveimur árum.

5. *Hvenær er áformað að deild fyrir kvenfanga í nýju fangelsi á Hólmsheiði verði tekin í gagnnið?*

Í samræmi við áætlanir er má reikna með að fangelsið verði tekið í notkun á vormánuðum 2016 og verður deild fyrir kvenfanga fyrsta deildin sem tekin verður í notkun í nýju fangelsi.

(Sjá: 145. löggjafarþing 2015–2016. Þingskjal 240 — 138. mál.)



Helgi Gunnlaugsson prófessor:

# AFBROT OG REFSINGAR Í NORRÆNUM EYSAMFÉLÖGUM

Norræna sakfræðiráðið (Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi) stendur að árlegum ráðstefnum í aðildarlöndum sínum og beitir sér fyrir vinnuhópum um afmörkuð svið afbrota og refsinga á Norðurlöndum. Á síðasta ári var settur á laggirnar hópur fræðimanna til að rannsaka á hvern hátt fjögur fámenn eysamfélög bregðast við afbrotum og afbrotamönnum (Kriminalitet, frihedsberøvelse og kontrol i nordiske øysamfund). Löndin sem tekin eru til skoðunar eru Grænland, Ísland, Færeyjar og Álandseyjar. Hópurinn samanstendur af eftirfarandi fræðimönnum: Annemette Nyborg Lauritsen (Háskóli Grænlands, Nuuk), Helgi Gunnlaugsson (Háskóli Íslands), Agneta Mallén (Álandseyjar, Háskólinn í Lundi), Elkin Klettheyggj (Færeyjar, Þórshöfn) og Hedda Giertsen (Háskólinn í Osló).

Löndin eiga ýmislegt sameiginlegt fyrir utan að vera eysamfélög. Grænland og Færeyjar eru enn nátengd Danmörku og réttarvörsluferfið er danskt og allt starfslíðið danskir embættismenn. Ísland með sín sögulegu tengsl við gömlu herraþjóðina og Álandseyjar með sjálfstjórn í nánnum tengslum við Finnland. Ef Grænland og Færeyjar verða að fullu sjálfstæðar þjóðir er ljóst að mikið tómarúm skapast í stjórnkerfi þeirra enda málaflokkur dómsmála og lögreglu allur á hendi Dana í dag. Þegar Ísland sagði smám saman skilið við Dani urðu Íslendingar sjálfir að taka við málefnum réttarvörslunnar og lengi vel mætti málaflokkurinn afgangi sem sést best í fangelsismálum þjóðarinnar. Ísland er til að mynda fyrst núna að byggja sérhannað fangelsi en núverandi húsakynni fangelsa áttu upphaflega að gegna öðru hlutverki.

Rannsóknarhópurinn hélt sinn fyrsta fund í nóvemberbyrjun 2015 í Þórshöfn í Færeyjum. Þátttakendur kynntu stöðu afbrota- og fangelsismála í sínum lönd-



Frá Þórshöfn, Færeyjum.



Fangelsið í Þórshöfn.

um. Danir eru að byggja stórt fangelsi í Grænlandi rétt utan við höfuðstaðinn Nuuk ekki ósvipað fangelsinu á Hólmsheiði en tvöfalt stærra. Allir grænlenskir brotamenn eiga í framtíðinni að afplána dóma sína á Grænlandi en hluti þeirra er sendur til Danmerkur í dag. Alvarleg brot einsog manndráp eru hlutfallslega tíð á Grænlandi og fangafjöldinn er mjög hár. Í Færeyjum er fangelsið skammt fyrir utan Þórshöfn í gamalli herstöð uppi í fjöllum sem Bandaríkin höfðu aðsetur í meðan á kalda stríðinu stóð. Þar vistast brotamenn með refsidóm upp á eitt ár eða minna en aðrir eru sendir til Danmerkur. Álandseyjar eru eyjaklasi mitt á milli Svíþjóðar og Finnlands og eru stundum nefndar eyjur friðarins enda yfirlýst herlaust svæði og herþjónusta þekkt ekki. Íbúafjöldi í kringum 30 þúsund og afbrot ekki tíð en mörg tengjast ferjusiglingum milli Finnlands og Svíþjóðar.

Meðan á dvölinni í Færeyjum stóð

heimsótti rannsóknarhópurinn lögregluna í Þórshöfn og í Klakksvík, fangelsið fyrir utan Þórshöfn (Arresthusid), fulltrúa dómssvaldsins, Fróðskaparsetur háskólans og ríkisumboðsmanninn. Færeyjar eru sannkallað fyrirmyndarsamfélag, afbrot fátíð, rusl sést varla á víðavangi og veggjakrot ekki heldur. Lögreglumenn eru eigi að síður allir vopnaðir við dagleg skyldustörf eins og tíðkast í Danmörku og ungur lögregluþjónn tjáði okkur að án skotvopns myndi hann upplifa sig nakinn! Lögreglan þarf samt afar sjaldan að beita skotvopni en eigi að síður er byssa álitin nauðsynlegt öryggistæki í viðbúnaði lögreglu. Mál er tengdust kynferðisbrotum gegn börnum voru áberandi í fréttum („serstakliga trupult að hjálpa skemmarunum vísa kanningar“) og greint var frá hefndarklámi í dómsölum þar sem karl hafði birt mynd á netinu af fyrrum vinkonu sinni nakinni („Hevndarporno í rættinum: Legði nakna mynd av ex-damuni á Facebook“).

Fyrir sumarbyrjun 2016 er væntanleg skýrsla frá Norræna sakfræðiráðinu um niðurstöður rannsóknarhópsins og verður hún aðgengileg á heimasíðu ráðsins. Annar fundur hópsins er ráðgerður haustið 2016 á Álandseyjum.

# HVAÐ ER BETRUN?



Guðmundur Ingi  
Þóroddsson

Ýmsir hafa tjáð sig á undanförunum misserum um betrun og mikilvægi þess að hún sé innleidd í íslenskan rétt. Í undirbúningi við gerð nýrra laga um fullnustu refsinga gagnrýndi Afstaða harðlega að hugtakið *betrun* kæmi hvergi fyrir í frumvarpi innanríkisráðherra sem lagt var fyrir Alþingi. Niðurstaðan varð sú að allsherjar- og menntamálanefnd þingsins bætti inn orðinu *betrun* á nokkrum stöðum í frumvarpinu, en það var ekki tilgangur athugasemdana heldur sá að með nýju lögunum yrði innleidd betrunarstefna á Íslandi í stað þeirrar refsistefnu sem hefur verið viðvarandi. Ég tel að nokkurs misskilnings hafi gætt um beitingu hugtaksins betrun.

### Um hvað snýst betrun?

Betrun snýst einfaldlega um að gerð verði persónusniðin vistunaráætlun þar sem sérfræðingar meta einstaklinginn og veita honum viðeigandi meðferð; gera í upphafi afplánunar áætlun um hvernig einstaklingurinn nýtir tímann til að afla sér menntunar sem gerir honum kleift að verða nýtur þjóðfélagsþegn að afplánun lokinni. Þá skiptir miklu að styrkja stöðir fjölskyldunnar og gera einstaklingnum mögulegt að treysta sambönd sín við fjölskyldu og vini. Með nýju lögunum var hins vegar ákvæði um gerð vistunaráætlunar fjarlægt úr lögunum og þrengt að vina- og fjölskyldutengslum með ýmsum takmörkunum á heimsóknum og fleiru. Annar mikilvægur hlutur af betrun er að vinna úr orsökum afbrotsins, meðal annars með því að reyna að sætta geranda og brotþola.

### Skortur á innihaldi

Það hefur sýnt sig að þrepaskipt fang-

elsisvist, þar sem dómþoli losnar í áföngum aftur út í samfélagið, skilar góðum árangri. Við höfum þrepin hér á Íslandi, en það skortir á sjálft innihald fangavistarinnar, þar sem dómþolum er veitt ábyrgð og þeir studdir til að taka ábyrgð í samræmi við þá vistunaráætlun sem gerð er í upphafi. Þrátt fyrir þrepaskiptinguna, þar sem er að finna lokuð fangelsi, opin fangelsi, áfangenheimili og raf-rænt eftirlit, skortir alveg innihald vistunarinnar. Því verða fangelsin bara geymslur þar sem einstaklingarnir eru stefnulausir í afplánun og ekkert tekur við að þeim tíma liðnum. Fangar vilja almennt axla ábyrgð, en íslenska kerfið býður ekki upp á það og hvetur ekki fanga til þess að taka á sínum málum heldur frekar öfugt.

### Dómar með tilgang

Rannsóknir, þekking, reynsla og menntun um betrun er til staðar – en í afskaplega litlum mæli á Íslandi. Þess vegna er eðlilegt að leita í þekkingu og reynslu erlendis, þar sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að skipulagt betrunarferli skilar ótvíræðum árangri. Í byrjun ársins kom Knut Storberget, fyrrverandi dómsmálaráðherra Noregs til Íslands og hélt framsögu í Norræna húsinu um stefnumótun sem fram fór í tíð hans sem hefur verið kölluð „dómar með tilgang“ (straff som virker).

Þegar Norðmenn fóru í stefnumótunarvinnuna könnuðu þeir fyrst hverjir það væru í raun og veru sem væru í fangelsunum. Þeir komust að því að fólk, sem býr við slæmar félagslegar aðstæður var það fólk sem kom aftur og aftur í fangelsi.

30% höfðu notið aðstoðar barna-  
verndar

- 30% höfðu átt ættingja í fangelsi
- 40% áttu í vandræðum með að lesa og skrifa
- 70% voru atvinnulausir
- 40% bjuggu undir fátækramörkum
- 30% voru heimilislausir
- 50% höfðu króníska sjúkdóma/  
veikindi
- 60% áttu við fikniefnavanda að stríða

Þegar það lá fyrir var farið að rýna í hvernig hægt væri að breyta kerfinu til að koma í veg fyrir endurkomur, og tryggja farsæla endurkomu út í samfélagið.

### Há endurkomutíðni

Tölverð bið hafði verið eftir að komast í afplánun og of margir voru að koma í fangelsi í mjög stuttan tíma, aðallega ungir menn. Endurkomutíðnin var of há og sama fólk kom aftur og aftur til að afplána dóma. Sömu vandamál blasa við hér á landi. Lögð var áhersla á aukna menntun starfsfólks, og hún færð á háskólastig þar sem áfram er unnið með rannsóknir til að meta þau úrræði sem þróuð eru, svo bæta megi þau til að ná settum tilgangi; að betrunarúrræðin skili einstaklingnum betri út í samfélagið.

Yfirklor Alþingis, þar sem orðinu betrun var bætt inn í frumvarpið á nokkrum stöðum, var þó engin stefnu-breyting í ætt við þá sem varð í Noregi. Nokkrir dómþolar losnuðu reyndar á reynslulausn og margir fóru fyrir á áfangenheimili og afplánun undir raf-rænu eftirliti. Í kjölfar laganna varð nokkur umræða um tilgang þeirra og undirstrikuðu nefndarmenn allsherjar- og menntamálanefndar, sem höfðu haft frumvarp innanríkisráðherra til meðferðar, mikilvægi betrunar og að þessar breytingar væru skref í þá átt.

Innanríkisráðherra hefur reyndar lítið tjáð sig um betrun í fangelsunum og þá helst í pontu á Alþingi eftir að hún var innt eftir því hvers vegna orðið betrun kæmi hvergi fyrir í frumvarpi hennar. En engin áætlun eða framtíðarstefnumörkun hefur verið gerð af hálfu ráðherrans um betrunarstefnu og hvernig hún hyggst minnka endurkomur í fangelsin. Innanríkisráðherra sagði þó sjálf á Alþingi að endurkomutíðni á Íslandi væri allt of há. Áhugavert væri að vita hvað ráðherra telji að eigi að felast í betrun og hver hennar sýn er á innihald fangavistar – í hverju hún eigi að felast.

### Betrunarstofa

Það virtist sem hvorki innanríkisráðherra né þingmönnum væri ljóst hvað átt væri við þegar rætt var um betrun. Betrun þýðir nýja nálgun á viðfangsefnið, og það er þess vegna sem Afstaða hefur meðal annars lagt til að nafni þeirrar stofnunar sem fer með málaflökkinn eigi að breyta úr því að vera Fangelsismálastofnun ríkisins yfir í að kallast Betrunarstofa.

Endurhæfing þýðir færri glæpir! Frelssviptingin ein og sér er refsing, en því minni munur sem er á milli lífs innan sem utan fangelsa, því auðveldari verða umskiptin frá fangelsi yfir í frelsi.

Betrun snýst ekki um að fangar geti farið fyrr á rafrænt öklaband eða losnað fyrr úr afpláun. Það snýst ekki um að fá lengri tíma í samfélagsþjónustu eða á áfangaheimili. Þetta er misskilningur!

Betrun snýst um að byggja upp einstaklinginn og gera hann hæfan til þess að takast á lífið og verða virkur samfélagsþegn. Í því felst að fangavistin verður að hafa innihald og fangar verða að koma með eitthvað í farteskinu út í samfélagið að nýju. Og síðan verður að taka við eftirfylgni og stuðningur; þar sem stuðningurinn fellst í aðstoð við aðlögun að samfélaginu auk þess að tryggja sé aðgengi að atvinnu og námi – að ógleymdu þaki yfir höfuðið. Það er betrun!

*Guðmundur Ingi Þóroddsson,  
formaður Afstöðu.*



## Þér hefur borist óskiljanlegt bréf sem þú getur ekki lesið....

VERNDARBLAÐINU barst þetta stutta en athyglisverða bréf:

„Stundum er sagt að sumir fangar geti illa lesið. Jafnvel talað um ólæsi einstaka fanga í því sambandi enda skólagaanga margra skrykkjótt. Skyldi „kerfið“ taka eitthvert tillit til þess?

Það er nefnilega ekki á færi allra fanga að stauta sig í gegnum bréf frá hinu opinbera sem skreytt eru með litprentuðu skjaldarmerki lýðveldisins í vinstra horni. Mál þeirra er oft staðlað lagamál með tilvísunum til hinna og þessara laga og undirskrift undir stimpli viðkomandi stofnunar yfirlætislega ólæsileg eins og það sé fyrir neðan virðingu viðkomandi bréfitara að láta fangagarminn vita hver hann eða hún er sem skrifar til hans – eða eins og ritarinn hafi ákveðið að undirskriftin ætti að vera í samræmi við innihaldið, þ.e. óskiljanleg.

Oftast er það nú svo að við viljum vita hver skrifar bréf sem okkur er ætlað og við vitum svosem að virðulegar stofnanir lýðveldisins eru ekki sjálfskrifandi, vonandi fólk þar á bæ sem skrifar.

Hvað á illa læs fangi að gera sem fær bréf frá opinberri stofnun sem hefur með mál hans að gera sem fanga? Oft er um trúnaðarmál að ræða og hann vill ekki að þau sé á hvers manns vörum. Hver les fyrir hann? Kannski enginn? Eða felur hann bréfið? Fleygir því kannski? Svo sem vanur því að bréf frá hinu opinbera flytja honum yfirleitt einhvers konar nei við hans erindum.

Hvað er til ráða? Að einfalda kalt staðlað lagamál? Eða fá góðviljað fólk til að lesa bréf til fanga og reyna að útskýra innihaldið? Ég óska eftir því að embættisfólkið, þjónustufólkið, athugi þetta og bregðist við. Kannski er best að þau sem skrifi bréfin fari með þau til fanga og lesi upphátt – túlki allavega undirskriftina! Eða kannski ætti bara að senda liðið á skriftarnámskeið?“

Að þessu tilefni minnir VERNDARBLAÐIÐ á 10. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, sem hjóðar svo:

„Mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á vegum þeirra skal vera vandað, einfalt og skýrt.“ (Lög nr. 6 17. júní 2011.)

VERNDARBLAÐIÐ vill vekja athygli á því að á heimasíðu sænsku fangelsismálastofnunarinnar er að finna léttlestrartexta fyrir notendur síðunnar sem eiga einhverra hluta vegna erfitt með lestur. Þetta er til fyrirmyndar.



# VERND ÞAKKAR STUÐNINGINN

A. Wendel ehf.  
 Aðalblíkk ehf.  
 Aðalskoðun hf.  
 Aðalvík ehf.  
 Akureyrarkaupstaður  
 ALARK arkitektar ehf.  
 Algalíf Iceland ehf.  
 Allianz Ísland hf. söluumboð  
 Alur blíkksmiðja ehf.  
 Alþýðusamband Íslands  
 Arctic Finance hf.  
 Argos ehf.  
 Arna ehf.  
 Arnardalur sf.  
 ASK arkitektar ehf.  
 Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins  
 ÁK smíði ehf.  
 Álftavatn ehf.  
 Álnabær ehf.  
 Árbæjarapótek ehf.  
 Árni Reynisson ehf.  
 Árni Valdimarsson  
 Árvík hf.  
 Ás - smíði ehf.  
 Ás fasteignasala ehf.  
 Ásbjörn Ólafsson ehf.  
 Bandalag starfsmanna ríkis og bæja  
 Baugsbót ehf.  
 Baugsbót ehf.  
 Bautinn ehf.  
 Benni pípari ehf.  
 Bernhöftsbakari ehf.  
 Beta brauð ehf.  
 Beta líf - Borgarhóll ehf.  
 Birgðastöðin Miðsandi ehf.  
 Bilasmíðurinn hf.  
 Bilver ehf.  
 Bjarni Einarsson  
 Björn Harðarson  
 BK eignir ehf.  
 Bláðamannafélag Íslands  
 Bláa Lónið hf.  
 Blómaþing ehf.  
 Bolungarvíkurkaupstaður  
 Borgarverk ehf.  
 Bókhalds- og tölvuþjónustan sf.  
 Bókhaldsþjónusta KOM ehf.  
 Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.  
 Bókvit ehf.  
 Bragðgott ehf.  
 Brauðhúsið ehf.  
 Brim hf.  
 Bruggsmíðjan Kaldi ehf.  
 Bryggjan Grindavík ehf.  
 Bu.is ehf.  
 Búvangur ehf.  
 Byggingþjónustan ehf.  
 Cabin ehf.  
 Dalakofinn sf.  
 Danco - Daniel Pétursson ehf.  
 Danica sjávarafurðir ehf.  
 Dignus ehf.  
 DMM Lausnir ehf.  
 Dóra Guðbjört Jónsdóttir  
 DS lausnir ehf.

Dynkur ehf.  
 Efling stéttarfélag  
 Efnamótakan hf.  
 Eignamiðlunin ehf.  
 Einhamar Seafood ehf.  
 Eldflaugastöðin ehf.  
 Eldhestar ehf.  
 Endurskoðun Vestfjarða ehf.  
 Ernst & Young ehf.  
 FAB Travel ehf.  
 Fagverk verktakar ehf.  
 Fangelismálastofnun ríkisins  
 Faris ehf.  
 Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf.  
 Faxatflóahafnir sf.  
 Ferskar kjötvörur ehf.  
 Ferskiskur ehf.  
 Fiskimið ehf.  
 Finfiskur ehf.  
 Flugtak ehf.  
 Flutningastöðin Borgarnesi ehf.  
 Flúðasveppir ehf.  
 Frár ehf.  
 Friðrik A. Jónsson ehf.  
 Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
 G.Ben útgerðarfélag ehf.  
 Galito síf.  
 Gamli Baukur ehf.  
 Garðabær  
 Garðarþjónusta Íslands ehf.  
 Garðarapótek ehf.  
 Gára ehf.  
 Gerður Sævarsdóttir ehf.  
 GG málningarþjónusta ehf.  
 GJ bilahús ehf.  
 Gjögur hf.  
 Gláður ehf.  
 Gler og brautir ehf.  
 GPG Seafood ehf.  
 Grábrók ehf.  
 Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf.  
 Guðjón Gunnarsson  
 Guðmundur Arason ehf.  
 Guðmundur Jónsson ehf.  
 Guðmundur Tyrfingsson ehf.  
 Gufuhlið ehf.  
 Gull- og silfurmiðjan ehf.  
 Gullberg ehf.  
 H. Bjarnason síf.  
 H.G. og hinir ehf.  
 Hagtak hf.  
 Hagverk ehf.  
 Halldór Ólafsson ehf.  
 Hamborgarabúlla Tómasar ehf.  
 Hamraborg ehf.  
 Happraðttii Háskóla Íslands  
 Haraldur Bæðvarsson & Co ehf.  
 Haraldur Jónsson  
 Hákon Ingvi Hansson  
 H-Berg ehf.  
 Hefilverk ehf.  
 Hegningarhúsið í Reykjavík  
 Helga Ingibjörg Bjarnadóttir  
 Henson Sports Europe á Ísl ehf.  
 Hestvit ehf.

Héraðsbókasafn Rangárvallasýslu  
 Héraðsprent ehf.  
 Hitaveita Egilsstaða/Fella ehf.  
 Hjálparstarf kirkjunnar  
 Hótel Leifur Eiríksson ehf.  
 HS Dreifing ehf.  
 HS Orka hf.  
 Hvanndalir Bókhaldsþjónusta ehf.  
 Höfðabrekka ehf.  
 Höfðaskóli  
 Höfrungur ehf.  
 Ican ehf.  
 ICE-GROUP ehf.  
 Iceland Sea Angling hf.  
 Iðnvelar ehf.  
 Ingi höpferðir ehf.  
 Inít ehf.  
 Inkasso ehf.  
 Innheimtuþjónusta  
 Ison ehf.  
 ISS Ísland ehf.  
 Íslandslyftur ehf.  
 Íslensk endurskoðun ehf.  
 Íslenska útflytningarmiðstöðin hf.  
 Ísþan ehf.  
 J. Benediktsson ehf.  
 J.S. Gunnarsson hf.  
 Jarðböðin ehf.  
 JÁVERK ehf.  
 Jóhann Helgi & Co. ehf.  
 Jón Egilsson  
 Jón Ingi Hinriksson ehf.  
 K16 ehf.  
 Kaffitír ehf.  
 Kerfi fyrir tækjaþjónusta ehf.  
 Klausturkaffi ehf.  
 Knattspyrnufélag Í.A.  
 Knattspyrnusamband Íslands  
 Kolur ehf.  
 KOM ehf., kynning og markaður  
 Kone ehf.  
 Kraftvélur ehf.  
 Krissakot ehf.  
 Kristinn J. Friðbjósson ehf.  
 Kristin G. Björk Reynisdóttir  
 Kumberavogur ehf.  
 Kvótabankinn ehf.  
 Lagnalagerinn ehf.  
 Landstólpi ehf.  
 Launaff ehf.  
 Litir og fönður - Handlist ehf.  
 Litið Mál ehf.  
 Loðnunnislan hf. Fáskrúðsfirði  
 Loftorka Reykjavík ehf.  
 Lota ehf.  
 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu  
 Löndun ehf.  
 M2 Fasteignasala ehf.  
 Magna verslanir ehf.  
 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Col hf.  
 Malbikunarstöðin Höfði hf.  
 MariConnect ehf.  
 Maron ehf.  
 Marver ehf.

Meitill ehf.  
 Miðás ehf.  
 Mjálkursamsalan ehf.  
 Motown ehf.  
 Módelhús ehf.  
 Mótórhús ehf.  
 Mótx ehf.  
 Nasi ehf.  
 Nautica ehf.  
 Nesity ehf.  
 Nesraf ehf.  
 Nesskip hf.  
 Netpartar ehf.  
 Neytendasmötökin  
 Nonni litli ehf.  
 Norðurorka hf.  
 Norðarpóll ehf.  
 Norðursigling hf.  
 Norm X ehf.  
 Nónvarða ehf.  
 Nyi ökuskólinn ehf.  
 Okkar bakari ehf.  
 Oliuverzlun Íslands hf.  
 Orkuvirki ehf.  
 O. Johnson & Kaaber ehf.  
 Ólafur Þorsteinsson ehf.  
 Ós ehf.  
 Ósal ehf.  
 Pálmar ehf.  
 PFAFF hf.  
 PON-Pétur O. Nikulássson ehf.  
 Pottagaldrar ehf.  
 Póstdreifing ehf.  
 Pylsuvagninn Selfossi ehf.  
 Rafal ehf.  
 Rafey ehf.  
 Rafta ehf.  
 Rafmiðlun hf.  
 Rafnar ehf.  
 Rafsvið sf.  
 Raftákn ehf.  
 Raförminn ehf.  
 Ragnar Björnsson ehf.  
 Rauða ehf.  
 Reiknistofa fiskmarkaða hf.  
 Reykhúsið Reykhólar ehf.  
 Reykjavíkur Apótek ehf.  
 ROR ehf.  
 RS Import ehf.  
 Ræktunarsamband Flóa/Skeiða ehf.  
 S.S. Golf ehf.  
 S4S ehf.  
 Samey ehf.  
 Samhentir - Kassagerð hf.  
 Samvinnufélag útgerðarm. Neskau  
 Samvirkni ehf.  
 Seyðisfjarðarkaupstaður  
 Sérverk ehf.  
 SIAL ehf.  
 Sigurbjörn ehf.  
 Síldarvinnislan hf.  
 Skinney-Þinganes hf.  
 Skólamatúr ehf.  
 Skútuberg ehf.  
 Sláturhús Hellu hf.

Sólheimar ses.  
 Staðarfjall ehf.  
 Stál og stansar ehf.  
 Stjörnuveg hf.  
 Stokkhyllur ehf.  
 Stólpi-gámar ehf.  
 Straumnes ehf. rafverktakar  
 Suðurtak ehf.  
 Suzuki-bílar hf.  
 Svanfríður Guðrún Ingvarsdóttir  
 Sveinn Sigurmundsson  
 Sveitarfélagið Gardur  
 Sveitarfélagið Skagafjörður  
 Sveitarfélagið Skagaströnd  
 Sveitarfélagið Ölfus  
 Sæfell hf.  
 Sælhús Akureyri ehf.  
 Tannhjul ehf.  
 Tannlæknastofa Ágúst J. Gunn. sf.  
 Tannlæknastofa Harðar V. Sigmar sf.  
 Tarzan ehf.  
 Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.  
 THG Arkitektar ehf.  
 Toppbilar ehf.  
 Tor ehf.  
 Trackwell hf.  
 Tærgesen ehf.  
 Umbúðamiðlun ehf.  
 Útfararþjónusta Suðurnesja ehf.  
 Vagnar og þjónusta ehf.  
 Vaki fiskeldiskerfi hf.  
 Valeska ehf.  
 Veritas Capital ehf.  
 Verkalýðsfélag Akraness  
 Verkalýðsfélag Suðurlands  
 Verkalýðsfélagið Hlíf  
 Verktækni ehf.  
 Verkþing ehf.  
 Verslunarmannafélag Suðurnesja  
 Verslunin Brynja ehf.  
 Vélalán ehf.  
 Vélsmiðja Guðmundar ehf.  
 Vélvík ehf.  
 VHE ehf.  
 Viking Bus ehf.  
 Viking Fish ehf.  
 Vinstrireyfingin-Grænt framboð  
 VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður ses.  
 Víkurverk ehf.  
 Visir, fél. skipstjórnarmanna  
 á Suðurnesjum  
 Vogabær ehf.  
 Vörukaup ehf.  
 Þ.S. Verktakar ehf.  
 Þekkingarsetur Vestmannaeyja se  
 Þensla ehf.  
 Þorbjörn hf.  
 Þór hf.  
 Þórsnes ehf.  
 Þrastarhóll ehf.  
 Ögurvík hf.  
 Ölgarðin Egill Skallagríms ehf.  
 Öryggisgirðingar ehf.

# dyson

## ÖFLUGAR HÁGÆÐA RYKSUGUR

- Mikill sogkraftur
- Engir pokar
- Góðar loftsíur
- Minni rafmagnsnotkun

*Fyrir þá sem vilja  
aðeins það besta!*

Sem verkfræðingar verðum við að skoða og meta núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er drifkrafturinn hjá Dyson - nýtt hugvit, nýjar lausnir. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina með þetta í huga. Ég vissi að það hlyti að vera til betri leið. Um það bil 5.127 frumgerðum síðar hafði ég fundið lausnina“.

*James Dyson*

**JAMES DYSON**  
uppfinningamaður  
cyclone vacuum tækninnar.



# dyson



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)

# RB RÚM ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA FRÁ 1943



Mikið úrval af  
ESPRIT  
handklæðum



Bætum  
andrúmsloftið  
með góðum ilm  
frá My Senso



# RB RÚM

DALSHRAUNI 8 | HAFNARFIRÐI | SÍMI 555-0397

RBRUM@RBRUM.IS WWW.RBRUM.IS